FRÉTTABLAÐIÐ

163. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 12. JÚLÍ 2018

# Forstöðumenn íhuga málsókn

**Forstöðumenn ríkisstofnana telja að stjórnsýslureglum hafi ekki verið fylgt hjá kjararáði. Hátt í tug erinda var ekki svarað af ráðinu eða þeim vísað frá.**

**KJARAMÁL** Hluti forstöðumanna ríkisstofnana íhugar hvort rétt sé að stefna ríkinu vegna lokalaunaákvörðunar kjararáðs. Gríðarleg óánægja ríkir innan Félags forstöðumanna ríkisins (FFR) að sögn formanns þess.

Í síðustu viku var síðasta launaákvörðun kjararáðs birt en stjórnvaldið var lagt niður um mánaðamótin. Þar voru laun 48 forstöðumanna hækkuð á einu bretti og var vegin meðaltalshækkun tæp ellefu prósent. Menn fengu þó mismikið, sumir tæp tvö prósent en aðrir rúm tuttugu. Ekki er hægt að fullyrða nákvæmlega um allar breytingar þar sem kjararáð hafði í einhverjum tilvikum breytt launum einhverra á síðustu árum án þess að birta ákvörðun sína.

„Við funduðum síðasta mánudag til að fara yfir stöðuna. Það er allstór hópur sem átti erindi hjá ráðinu sem ekki voru afgreidd,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar og formaður FFR.

Gissur segir nákvæman fjölda óafgreiddra erinda ekki liggja fyrir en þau séu sennilega í kringum tíu. Einhverjum erindum var vísað frá kjararáði en öðrum var hreinlega ekki svarað.

„Það er gífurleg óánægja í hópnum og við vitum ekki alveg hvernig við eigum að koma henni frá okkur eða hver tekur við henni eftir að ráðið var lagt niður,“ segir Gissur.

Formaðurinn bendir á að í svanasöng kjararáðs hafi menn hlotið mismunandi afgreiðslu án þess að það hafi verið rökstutt á nokkurn hátt hverju það sætti.

„Við vitum eiginlega ekki hvers konar afgreiðsla þetta var. Við höfum ekkert fengið í hendurnar nema ákvörðunina sem birt var, engan frekari rökstuðning. Einhverjir eru á mörkum þess að vilja stefna ríkinu eða fjármálaráðherra þar sem kjararáð hefur verið lagt niður. Menn eru að velta því fyrir sér hvernig sé best að snúa sér í því. Það er sennilegast að einhver reyni að sækja bætur vegna málsmeðferðarinnar því háttsemi kjararáðs er brot á öllum stjórnsýsluaðferðum- og reglum sem stofnanirnar, sem við erum að stýra, þurfa að nota og beita,“ segir Gissur.

Ekki liggur fyrir hvort af málshöfðun verður og þá hvort FFR muni höfða það eða einstaklingar innan félagsins með stuðningi þess.

„Það er gríðarlega mikil óánægja meðal manna og þá sérstaklega meðal þeirra sem enga afgreiðslu fengu eða báru skarðan hlut frá borði. Menn kunna ekki skýringu á þessum vinnubrögðum eða hvað þau eiga að fyrirstilla,“ segir Gissur.

Drög að frumvarpi um nýtt launafyrirkomulag er nú til kynningar í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar en það felur í sér að laun embættismanna verði ýmist lögákveðin eða færð undir sérstaka deild fjármálaráðuneytisins. **– jóe**

> **Það er sennilegast að einhver reyni að sækja bætur vegna málsmeðferðarinnar því háttsemi kjararáðs er brot á öllum stjórnsýsluaðferðum- og reglum sem stofnanirnar, sem við erum að stýra, þurfa að nota og beita.**
>
> Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar





**Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, og Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, sjást hér ræða saman á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Brussel í gær. Íslensk starfssystir May, Katrín Jakobsdóttir, hlustar í bakgrunni. Háværar kröfur Trumps Bandaríkjaforseta hafa sett mark sitt á fund NATO.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Enginn afsláttur hjá ljósmæðrum

**KJARAMÁL** „Tilboð okkar eins og það stendur er algjört lokatilboð og það mun standa,“ segir Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, formaður samninganefndar ljósmæðra.

Óvíst er með framhald viðræðna ljósmæðra og ríkisins eftir að fundi hjá Ríkissáttasemjara lauk í gær án niðurstöðu og án þess að boðað yrði til nýs fundar. Kröfur ljósmæðra hljóða upp á heildarhækkun sem nemur 17 til 18 prósentum. Katrín segir mikinn einhug í ljósmæðrum en óttast að brotthvarf úr stéttinni verði ekki lagfært svo glatt.

„Það hafa fjölmargar ljósmæður ráðið sig annað. Það gæti tekið fjölmörg ár að lagfæra skaðann. Eftir því sem tíminn líður þá slokknar eitthvað í manni viljinn til að fara aftur inn í kerfið.“ **– sar /** **sjá síðu 4**

## Frakkar og Króatar í úrslit





**HM 2018** Nú er ljóst að það verða Frakkland og Króatía sem leika til úrslita á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu karla. Króatía komst í úrslitaleikinn í fyrsta skipti í sögunni með sigri á Englandi í seinni undanúrslitaleik mótsins í gærkvöldi.

Kylian Mbappe hefur skinið skærast hjá franska liðinu, en þessi nítján ára gamli framherji hefur skorað þrjú mörk á mótinu til þessa og er markahæsti leikmaður liðsins ásamt Antoine Griezmann.

Luka Modric er hins vegar heilinn í króatíska liðinu og það eru fáar sóknir þar sem hann er ekki hluti af sóknaruppbyggingunni. Þessi 32 ára gamli miðvallarleikmaður bindur saman bæði varnar- og sóknarleik króatíska liðsins.

Leikur liðanna fer fram á Luzhniki-leikvanginum í Moskvu á sunnudaginn, en þar getur Frakkland orðið heimsmeistari í annað sinn í sögunni. Króatía getur hins vegar skrifað sig á spjöld sögunnar með sigri. **– hó**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Gunnlaugur Stefánsson skrifar um laxeldi án heimilda. 18

**SPORT** Uppgjör á fyrri umferð Pepsi-deildar karla. 24

**MENNING** Fiðludúettinn Bachelsi sem nálgast tónverk Bachs á nýjan hátt er með ókeypis tónleika í Gerðarsafni í Kópavogi. 32

**LÍFIÐ** Tónlistarfólk fær stundum nóg af starfinu enda er engin stimpilklukka í lífi listamannsins. Þó gengur ekki alltaf vel að hætta og fólk hættir við að hætta. 42



**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Suðvestlæg átt, 3-10 í dag og yfirleitt þurrt en bjart veður fyrir norðan og austan. Hiti 8 til 20 stig, hlýjast austanlands. SJÁ SÍÐU 26

# Utangarðsfólki fjölgar í borginni

**VELFERÐARMÁL** Viðvarandi vandi ríkir í húsnæðismálum utangarðsfólks í Reykjavíkurborg en fjöldi þeirra hefur aukist um 95 prósent frá árinu 2012. Hluti vandans felst í því að fólk leiti í borgina úr öðrum sveitarfélögum þar sem úrræði þar séu af skornum skammti. Þetta er kemur fram í áliti umboðsmanns Alþingis.

Umboðsmaður hóf frumkvæðisathugun á málaflokknum í kjölfar ábendinga sem honum höfðu borist um það hvernig sveitarfélögin beita sér í þessum málum. Kvartanirnar tóku meðal annars til langs biðtíma eftir félagslegu húsnæði, skilyrða sem eru sett fyrir úthlutun slíks húsnæðis og dræms framboðs á því.

**95**

**hefur útigangsfólki fjölgað um í Reykjavíkurborg frá árinu 2012.**

Alþingi hefur falið sveitarfélögum að aðstoða íbúa sína við lausn á húsnæðisvanda þeirra. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er þessi skylda ekki útfærð nánar. Umboðsmaður bendir á að við framkvæmd laganna verði sveitarfélögin að taka mið af lágmarkskröfum stjórnarskrárinnar, fjölþjóðlegum samningum og reglum stjórnsýsluréttarins.

Áliti umboðsmann fylgir athugun á því hvernig fimmtán fjölmennustu sveitarfélögin beita sér í málefnum utangarðsfólks. Athugunin leiddi í ljós að lítið hafði reynt á slíkar aðstæður hjá flestum sveitarfélaganna. Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til sveitarfélaganna að fara yfir þessi mál og þá í samráði við Reykjavíkurborg.

Þá lagði hann einnig fyrir sveitarfélögin að leggja fram eins fljótt og unnt er áætlanir til að bregðast við vandanum. Þá beindi hann þeim tilmælum til félags- og jafnréttismálaráðherra að kanna hvort tilefni sé til að ráðuneyti hans skoði málið. **– jóe**

## Engin sátt hjá sáttasemjara



Formaður samninganefndar Ljósmæðrafélags Íslands, Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, sótti fund með samninganefnd ríkisins í húsakynnum Ríkissáttasemjara í gær í gegnum samskiptaforritið Skype. Ekki er vitað hvort ríkinu hafi þótt Katrín meðfærilegri í stafrænu formi, en niðurstaða fundarins var að minnsta kosti engin og óvíst er með framhaldið þar sem ekki hefur verið boðað til nýs fundar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Aftöku frestað að kröfu Alvogen

**BANDARÍKIN** Aftöku Scotts Dozier sem fara átti fram í Nevada í gær var frestað eftir að Alvogen fékk lögbann á notkun lyfs fyrirtækisins við aftökuna.

Dozier hafði verið dæmdur fyrir tvö morð og stóð til að taka hann af lífi. Til verksins átti að nota blöndu þriggja lyfja, þar á meðal midazolam, sem er róandi lyf sem Alvogen framleiðir.

Lyfjafyrirtækið taldi að fangelsisyfirvöld í Nevada hefðu komist yfir lyfið með ólögmætum hætti. Þá væru líkur á því að lyfið myndi ekki leiða til þess að aftakan heppnaðist. Mál Alvogen er aðeins annað sinnar tegundar í Bandaríkjunum. **– jóe**



Scott Raymond Dozier.

# Fangi opnar sportbar og veitingahús í Árbænum

**Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður félags fanga, hefur opnað veitingahús og sportbar í Hraunbæ með fjölskyldu sinni. Tekur út síðustu mánuði refsingarinnar á Vernd. Segir mikilvægt að fangar geti átt framtíðarsýn eftir afplánun.**

**SAMFÉLAG** Guðmundur Ingi Þóroddsson, vistmaður á áfangaheimilinu Vernd, opnaði nýverið veitingahúsið Rakang Thai og sportbarinn Blástein í Hraunbæ. „Við höfum verið á kafi í þessu í marga mánuði og byrjuðum löngu áður en ég fór á Vernd," segir Guðmundur Ingi en fjölskylda Guðmundar tekur þátt í rekstrinum með honum.

Síðastliðið haust kom að þeim tíma í afplánun Guðmundar að hann gat sótt vinnu utan veggja fangelsisins en hann var þá í afplánun á Sogni og keyrði þaðan á hverjum morgni til Reykjavíkur til að undirbúa opnunina ásamt Björgvini Mýrdal bróður sínum og mætti svo í fangelsið tímanlega fyrir kvöldmat.

„Þetta gekk bara vel. Þetta er ekkert öðruvísi en með marga sem búa fyrir austan fjall og sækja vinnu í bænum. Það var aðallega stressandi í vetur að eiga á hættu að verða veðurtepptur, en í þeim tilvikum gisti ég á Hólmsheiðinni," segir Guðmundur Ingi en hann er nýlega kominn á áfangaheimilið Vernd þar sem hann mun dvelja síðustu mánuði afplánunarinnar, áður en reynslulausn tekur við.

Guðmundur Ingi, sem er formaður Afstöðu, félags fanga, segir mikilvægt fyrir þá sem hafa verið lengi í fangelsi að geta komið í skrefum út í samfélagið að nýju. „Það mætti bjóða föngum að sækja vinnu utan fangelsa miklu fyrr í afplánunarferlinu og binda það frekar við góða hegðun en árafjölda í fangelsi."

Hann segir erfitt fyrir marga sem eru að ljúka afplánun að finna vinnu og koma undir sig fótunum eftir afplánun. Hann bindur miklar vonir við starfshóp sem félagsmálaráðherra skipaði nýverið til að gera tillögur að úrbótum vegna þessa vanda.



Guðmundur hefur opnað veitingahúsið Rakang Thai. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

> Það er mjög dýrmætt fyrir þá sem hafa tekið út sína refsingu að eiga framtíðarsýn til að stefna að.

„Það er mjög dýrmætt fyrir þá sem tekið hafa út sína refsingu að eiga sér framtíðarsýn til að stefna að og auðvitað gefur það mér mikið að hafa eitthvað til að byggja upp sem ég hef metnað fyrir, það er grundvöllur betrunar í rauninni að upplifa að maður geti gert jákvæða og góða hluti við líf sitt eftir afplánun."

Guðmundur segir fjölskylduna hafa verið einhuga um úthverfarekstur. Það er eftirspurn eftir veitingastöðum og hverfisbörum víða í úthverfum borgarinnar og Árbæingar eru að taka okkur mjög vel. En svo bjóðum við auðvitað alla borgarbúa velkomna og þjónustum fyrirtæki um alla borg."

Á Rakang Thai er boðið upp á taílenska matargerð og það er Siri, stjúpmóðir Guðmundar, sem sér um matargerðina. „Við erum með hlaðborð á Rakang, bæði í hádeginu og á kvöldin, auk þess að keyra út mat til fyrirtækja í hádeginu," segir Guðmundur og bætir við: Svo verður eldhúsið á sportbarnum opnað í næstu viku og þar mun Björgvin bróðir ráða ríkjum og bjóða upp á léttari rétti; hamborgara, steikur og slíkt." **kjartanh@frettabladid.is**


**Lumar þú á góðri uppskrift að samloku/langloku?**

Viðskiptafræðingur úr Háskóla Íslands leitar að þremur góðum uppskriftum að samlokum eða langloku.

Verðlaun verða veitt fyrir þær uppskriftir sem valdnar verða og er til mikils að vinna því 20.000 krónur verða veittar fyrir þær útvöldu.

Uppskriftirnar má senda á netfangið kristinn@samlokur.com



íslenskt grænmeti
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
Ræktað
af ábyrgð
Hreint vatn
Grænmeti sem ber merkið okkar
er ræktað með hreinu, íslensku vatni.
Hvaða vatn fer í gegnum grænmetið þitt?
islenskt.is
ÍSLENSKA SIA.IS SFG 88048 05/18

# Ýtti bréferfingjum úr 100 milljóna búi föður síns

**DÓMSMÁL** Karlmaður mun erfa föður sinn eftir að erfðaskrá hins látna var ógilt með úrskurði Héraðsdóms Vesturlands. Tíu bréferfingjar mannsins fá ekkert úr dánarbúinu en virði eigna þess er rúmar 97 milljónir króna.

Hinn látni hafði aldrei gengið í hjónaband og átti engin skilgetin börn. Sonur hans kom í heiminn 1951 og var þá skráður sonur nýs eiginmanns móður sinnar. Blóðfeðgarnir áttu afar takmörkuð samskipti alla tíð. Þegar maðurinn lést árið 2016 höfðaði maðurinn véfengingarmál til að fá staðfest að hann væri sonur hans. Lífsýnarannsókn leiddi það í ljós og var hinn látni skráður faðir hans eftir það.

Maðurinn gerði erfðaskrár árin 2002 og 2004 og var deilt um gildi þeirrar síðarnefndu í málinu. Í henni lýsti hann því yfir að hann ætti enga lögerfingja og að eignir hans skyldu ganga til þriggja systra sinna, uppeldissystur og tveggja vina sinna. Meðal annars skyldi fasteign hans ganga til annars vinar hans en sá fékk eignina í fyrirframgreiddan arf árið 2016, nokkrum mánuðum áður en maðurinn lést. Samkvæmt erfðalögum er óheimilt að ráðstafa meira en þriðjungi eigna sinna með erfðaskrá þegar niðjum eða maka er til að dreifa.

> Bréferfingi er sá sem fær arf samkvæmt erfðaskrá, en ekki samkvæmt erfðalögum.

Sonur mannsins byggði á að erfðaskrá föður hans hefði byggt á misskilningi og að hinn látni hefði ráðstafað eignum sínum á annan veg hefði hann vitað af syni sínum. Bréferfingjarnir töldu á móti að virða ætti vilja hins látna enda hefði hann vitað af syni sínum, sem þá var feðraður öðrum manni, og kosið að ráðstafa eignunum á þennan veg að sér liðnum.

Héraðsdómur féllst á röksemdir sonarins og taldi hinn látna hafa verið í villu þegar erfðaskráin var gerð. Hún var því ógilt. Ráðstöfun fasteignarinnar í fyrirframgreiddan arf byggði á skilmálum hinnar ógildu erfðaskrár. Var það niðurstaða dómsins að sú ráðstöfun væri ógild af þeim sökum. Fasteignin var því færð inn í dánarbúið á ný.

„Við teljum þetta ranga niðurstöðu og reiknum með að þetta verði kært til Landsréttar,“ segir Pétur Kristinsson, lögmaður sjö bréferfingjanna. **– jóe**

## Makedóníu boðin innganga í NATO

**BELGÍA** Leiðtogar NATO-ríkjanna samþykktu á fundi sínum í gær að hefja formlegar viðræður við Makedóníu um inngöngu ríkisins í hernaðarbandalagið.

Í síðasta mánuði undirrituðu Grikkland og Makedónía samkomulag um nýtt nafn á síðarnefnda ríkið. Áratugalöng deila hafði staðið um nafnið Makedónía enda teygði hin forna Makedónía sig inn fyrir landamæri Grikklands í dag. Grikkir höfðu neitað að viðurkenna nafn Makedóníu en samkvæmt samkomulaginu mun ríkið heita opinberlega Lýðveldið Norður-Makedónía.

Deilan stóð í vegi fyrir því að Makedóníumenn gætu sótt um aðild að NATO og ESB. Þar sem sátt liggur fyrir er sú hindrun úr sögunni í bili. Hún gæti birst á ný ef nýtt nafn verður fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu Makedóníumanna. **– jóe**

## Hafnar ábyrgð á sjálfsvígi hælisleitanda

**ÞÝSKALAND** Horst Seehofer, innanríkisráðherra Þýskalands, hafnar því að bera ábyrgð á sjálfsvígi hælisleitanda sem fluttur var frá Þýskalandi í síðustu viku.

Fyrir viku voru 69 afganskir hælisleitendur sendir aftur til heimalands síns frá Þýskalandi. Það gerðist einmitt á 69 ára afmælisdag Seehofer. Á blaðamannafundi, þar sem hann minntist meðal annars á þetta í samhengi við afmæli sitt, notaði hann flutningana sem dæmi um nýja stefnu Þýskalands í málaflokknum.

Einn hinna brottfluttu, 23 ára maður sem hafði dvalist í Þýskalandi í sex ár, fyrirfór sér við komuna heim. Kallað hefur verið eftir því að Seehofer biðjist afsökunar og segi af sér vegna aðgerðarinnar en hann neitar að bera ábyrgð á málinu. **– jóe**

# Engin lausn í sjónmáli í langri deilu ljósmæðra og ríkisins

**Engin niðurstaða varð af samningafundi ljósmæðra og ríkisins í gær. Formaður samninganefndar ljósmæðra segir deiluna í hnút. Framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs Landspítala segir veruleikann verða svartari og svartari. Þegar kröfur ljósmæðra eru teknar saman nema þær 17 til 18 prósenta heildarhækkun.**

**KJARAMÁL** „Tilboð okkar eins og það stendur er algjört lokatilboð og það mun standa. Við skrifum ekki undir samning sem við vitum að ljósmæður munu ekki samþykkja. Kröfur okkar eru komnar að sársaukamörkum og ljósmæður munu ekki samþykkja neitt minna,“ segir Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, formaður samninganefndar ljósmæðra.

Engin niðurstaða varð af fundi samninganefndanna í gær. Bryndís Hlöðversdóttir ríkissáttasemjari segir það sameiginlegt mat aðila að ekki sé ástæða til að boða til nýs fundar að svo stöddu. „Ég mun auðvitað boða til fundar innan tveggja vikna eins og lög gera ráð fyrir. Þegar það er svona mikil gjá milli aðila er hins vegar engin ástæða til að boða til fundar fyrr, nema eitthvað breytist,“ segir Bryndís.

Á fundinum var lagt fram tilboð af hálfu ríkisins sem fól í sér breytingar á fyrirkomulagi vaktavinnu. Katrín Sif segir tilboðið alls ekki fullnægjandi. „Þessar breytingar hefðu kostað það að vaktavinnuálag hefði minnkað um um það bil helming og er það ekki mikið fyrir.“

Katrín segir mikinn einhug í ljósmæðrum en óttast að brotthvarf úr stéttinni verði ekki lagfært svo glatt. „Það hafa fjölmargar ljósmæður ráðið sig annað. Það gæti tekið fjölmörg ár að lagfæra skaðann. Eftir því sem tíminn líður þá slokknar eitthvað í manni viljinn til að fara aftur inn í kerfið.“

Linda Kristmundsdóttir, framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs Landspítala, segir veruleikann verða svartari og svartari.

„Þetta er búið að vera mjög erfitt og næsta helgi verður mjög erfið.“

Linda segir að unnið verði áfram eftir sömu neyðaráætlun og hingað til. Þegar hins vegar við bætist yfirvinnubann í næstu viku og að illa gangi að manna vaktir þurfi að grípa til einhverra ráða. Hún segir fleiri uppsagnir yfirvofandi sem bætast þá við þær tólf sem tóku gildi um síðustu mánaðamót. „Það er okkar reynsla af fyrri kjaradeilum að 10 til 15 prósent þeirra sem segja upp koma ekki aftur.“

Anna Björnsdóttir, deildarstjóri kvennadeildar HVE á Akranesi, segir mikið af konum af höfuðborgarsvæðinu hringja til að spyrjast fyrir um ástandið.

„Við finnum fyrir aukningu. Við reynum öll að hjálpast að, við höfum ekkert val,“ segir Anna.
sighvatur@frettabladid.is

### Kröfur ljósmæðra

Í ályktun frá kjaranefnd Ljósmæðrafélags Íslands kemur fram að ljósmæður ítrekuðu á fundinum í gær kröfu frá síðasta fundi. Sú krafa felur í sér sömu hækkun og félagsmenn felldu í maí.

Að auki er farið fram á 110 milljónir króna frá velferðarráðuneytinu sem fer í gerð stofnanasamninga. Alls 170 milljónir fyrir níu stofnanir. Heildarhækkunin nemur 17 til 18 prósentum.



**Hópur fólks safnaðist saman fyrir utan húsnæði ríkissáttasemjara í gær til stuðnings ljósmæðrum. Samningafundur deiluaðila var árangurslaus og ekki hefur verið boðað til nýs fundar fyrr en eftir tvær vikur.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

# Gagnrýna harðlega gjafabréf flugfélaga

**NEYTENDUR** Neytendasamtökin gagnrýna skamman gildistíma gjafabréfa íslenskra flugfélaga og ráðleggja neytendum frá því að kaupa slík gjafabréf. Einnig telja samtökin að fyrirtæki ættu að sleppa því að selja slík gjafabréf nema að hafa gildistíma þeirra um fjögur ár.

Brynhildur Pétursdóttir, formaður neytendasamtakanna, segir fjölda kvartana hafa borist undanfarin ár þar sem neytendur sitji uppi með gjafabréf sem ekki sé hægt að nýta.

„Fyrirtæki sem selja gjafabréf hafa fengið fjármagn inn í reksturinn og í raun mætti í þessu sambandi tala um vaxtalaust lán. Það er því í hæsta máta óeðlilegt að inneignin fyrnist án þess að neytandinn hafi nokkuð um það að segja,“ segir Brynhildur. „WOW air hætti blessunarlega sölu á gjafabréfum eftir að Neytendasamtökin höfðu sent félaginu erindi og farið fram á að gildistíminn yrði lengdur. Enn berast þó kvartanir enda eflaust töluvert magn af gjafabréfum enn í umferð.“

Gildistími á gjafabréfum Icelandair er tvö ár en var aðeins eitt ár hjá flugfélaginu WOW. Neytendasamtökin hafa einnig fengið kvartanir vegna gjafabréfa Icelandair en þær hafa verið færri vegna lengri tíma sem neytendur geta nýtt gjafabréfin. **– sa**


**Brynhildur segir kvartanir berast vegna gjafabréfa.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

G-STAR RAW

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)





Takmarkanir eru á því hvað trúboðar mega skrifa hjá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vottar gæti að persónuvernd

**ESB** Evrópudómstóllinn hefur úrskurðað að löggjöf Evrópusambandsins, ESB, um vernd persónulegra gagna feli í sér að trúfélög og trúboðar þeirra beri ábyrgð á meðferð persónuupplýsinga sem þeir afla þegar þeir ganga hús úr húsi.

Samkvæmt úrskurði Evrópudómstólsins eru þar með takmarkanir fyrir því hvað vottar Jehóva mega skrifa niður og geyma eftir að hafa bankað upp á hjá fólki og staðið í dyragættinni hjá því. Greint er frá þessu á vef Kristilega Dagblaðsins, Kristeligt-Dagblad. – ibs



Norskt laxeldisfyrirtæki sætir gagnrýni í Chile. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## 680 þúsund laxar sluppu

**CHILE** Gabriel Ascencio Mansilla, þingmaður í Chile, gagnrýndi harkalega norska laxeldisfyrirtækið Marine Harvest og önnur laxeldisfyrirtæki í landinu eftir að Marine Harvest viðurkenndi að 680 þúsund laxar hefðu sloppið úr sjókví við Chile í stormi í síðustu viku.

Þingmaðurinn sagði að Marine Harvest yrði að taka ábyrgð á ástandinu. Þetta væri ekki bara viðvörun til norska fyrirtækisins heldur einnig til annarra fyrirtækja. Þau gætu ekki haldið áfram á sömu braut þar sem starfsemin ógnaði umhverfinu. Mansilla gat þess jafnframt að orsakir þess að laxarnir sluppu yrðu rannsakaðar. Greint var frá því í frétt Bloomberg að 250 þúsund laxar hefðu náðst. – ibs

## Foreldrunum verði refsað

**DANMÖRK** Vanræki foreldrar uppeldishlutverk sitt á að refsa þeim ef börn þeirra undir lögaldri gerast sek um kynferðislegt ofbeldi.

Þetta er mat Danska þjóðarflokksins í kjölfar fjölda nauðgana á ungum stúlkum á Norður-Sjálandi undanfarna mánuði.

Martin Henriksen, sem fer með málefni innflytjenda hjá Danska þjóðarflokknum, ætlar að loknu sumarleyfi að leggja til breytingu á refsilöggjöfinni þannig að hægt verði að refsa foreldrunum ekki síður en börnunum. – ibs

## Heimtir úr helju



Taílensku drengirnir eru lausir úr prísundinni. Þeir verða í einangrun næstu daga en aðstandendur fengu að heimsækja þá á spítalann í gær. Yfirvöld upplýstu í gær um að stuttu eftir að síðasta drengnum var bjargað hefðu vatnsdælur í hellinum bilað. Ekki mátti tæpara standa. NORDICPHOTOS/AFP

# Aldraðir bíða enn eftir nýrri gjaldskrá vegna tannlækninga

**Formenn Öryrkjabandalagsins og Landssambands eldri borgara eru afar ósáttir við að ekki hafi verið gengið frá nýrri gjaldskrá Sjúkratrygginga vegna tannlækninga. Ráðherra veitti Sjúkratryggingum heimild til samningaviðræðna í byrjun maí en nú er ljóst að þær hefjast ekki fyrr en í fyrsta lagi eftir rúman mánuð.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Samningaviðræður Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna um nýja gjaldskrá fyrir öryrkja og aldraða eru enn ekki hafnar þrátt fyrir að Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hafi veitt stofnuninni umboð til viðræðnanna í byrjun maí. Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum stendur til að birta forauglýsingu um fyrirhuguð kaup á umræddri þjónustu nú í vikunni.

Skylt er að forauglýsa eða auglýsa útboð á kaupum á heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um opinber innkaup. Frá því að forauglýsing er birt þurfa að líða minnst 35 dagar þangað til samningaviðræður geta hafist.

„Staðan er einfaldlega sú að við höfum ekki verið boðuð á neina fundi enda ekki búið að auglýsa kaupin á þjónustunni. Við erum tilbúin í þessar viðræður. Þetta stendur því ekki á okkur og við erum mjög jákvæð gagnvart þessu,“ segir Elín Sigurgeirsdóttir, formaður Tannlæknafélags Íslands. Aðspurð segir hún að hennar björtustu vonir standi til að málið geti klárast snemma í haust.

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands, segir það ábyrgðarlaust fyrirhyggjuleysi hjá stjórnvöldum að Sjúkratryggingar hafi enn ekki auglýst þjónustukaupin þar sem málið hafi legið fyrir frá áramótum. „Fjöldi fólks sem hefur lítið sem ekkert á milla handanna hefur neitað sér um tannlæknaþjónustu vegna þess að væntingar voru um að samningar yrðu kláraðir um mitt árið. Þetta ætti að vera klárt núna og fólk byrjað að fá þessa þjónustu,“ segir Þuríður.



Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 500 milljónum í auknar endurgreiðslur vegna tannlækninga öryrkja og aldraðra. Samningaviðræður vegna þessa eru enn ekki hafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara, er einnig ósátt við þennan seinagang. „Þessi vinnubrögð valda mér miklum vonbrigðum. Eldri borgarar hafi beðið frá 2004 eftir réttlátari niðurgreiðslum varðandi tannlæknaþjónustu. Vandi þeirra sem bíða hefur farið sívaxandi,“ segir Þórunn.

> Þessi vinnubrögð valda mér miklum vonbrigðum.
>
> Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara

Starfshópur um tannheilsu elli- og örorkulífeyrisþega skilaði tillögum til ráðherra í apríl síðastliðnum. Hópurinn setti í forgang tillögu um að endurgreiðslur vegna tannlæknakostnaðar öryrkja og aldraðra yrðu raunverulega í samræmi við ákvæði reglugerðar.

Samkvæmt umræddri reglugerð á að niðurgreiða 75 prósent kostnaðar hjá öryrkjum og öldruðum sem frá greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun. Raunin er hins vegar sú að þessar endurgreiðslur nema aðeins um fjórðungi þar sem gjaldskrá Sjúkratrygginga hefur haldist óbreytt frá 2004.

Samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs eru 500 milljónir króna til ráðstöfunar til þess að mæta auknum endurgreiðslum vegna tannlækninga öryrkja og aldraða. Heilbrigðisráðherra sagði í maí að um væri að ræða mikilvægt og tímabært skref þar sem þessir hópar hefðu allt of lengi borið skarðan hlut frá borði.

sighvatur@frettabladid.is



# F&F

## UNGBARNADAGAR

# 20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM UNGBARNAFATNAÐI*
DAGANA 12.-18. JÚLÍ

*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

ATH! Mismunandi vöruúrval eftir verslunum



**1.568 kr**
v.á. 1.960 kr



**776 kr**
v.á. 970 kr



**776 kr**
v.á. 970 kr



**1.408 kr**
v.á. 1.760 kr



**1.408 kr**
v.á. 1.760 kr




**1.568 kr**
v.á. 1.960 kr



**1.568 kr**
v.á. 1.960 kr



**1.176 kr**
v.á. 1.470 kr



**1.176 kr**
v.á. 1.470 kr

Finndu okkur á Facebook

F&F FÆST EINGÖNGU Í **HAGKAUP**

# Milljarðatryggingar á pakkaferðum

**Tryggingar sem 339 ferðaskrifstofum á Íslandi er skylt að útvega vegna pakkaferða nema 4,3 milljörðum króna samkvæmt tölum Ferðamálastofu. Nýsamþykkt lög geta leitt til þess að hundruð ferðaþjónustufyrirtækja til viðbótar verði gerð tryggingarskyld.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is





Ferðamenn ganga yfir Ingólfstorg, á leið til eða frá gististað. Komi þeir frá Evrópu eru allar líkur á að ferðin sé tryggð með einhverjum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýsamþykkt lög gætu orðið þess valdandi að þeim fyrirtækjum í ferðaþjónustu, sem þurfa að útvega tryggingar vegna pakkaferða, fjölgi um tugi eða hundruð á næsta ári.

Heildarfjárhæð trygginga ferðskrifstofa nemur 4,3 milljörðum króna og eru alls 339 íslensk fyrirtæki með virk ferðaskrifstofuleyfi. Meðalfjárhæðin, sem fyrirtæki í slíkum rekstri þarf að útvega, er því tæpar 13 milljónir króna en hjá stærstu ferðaskrifstofunum getur upphæðin aftur á móti numið mörg hundruð milljónum.

Núgildandi lög skylda ferðaskrifstofur til að leggja fram tryggingu vegna sölu á pakkaferðum. Hugmyndin að baki lagagreininni er að tryggja viðskiptavini ferðaskrifstofu þannig að unnt sé að endurgreiða þeim eða flytja þá heim komi til gjaldþrots ferðaskrifstofunnar.

Í svari Ferðamálastofu við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að nýju lögin um pakkaferðir, sem samþykkt voru í júní og taka gildi á næsta ári, taki til fleiri fyrirtækja en nú er. „Miðað við fjölda leyfa ferðaskipuleggjenda og skráðra bókunarþjónusta má reikna með að nokkur fjöldi þeirra þurfi að sækja um ferðaskrifstofuleyfi og leggja þar með fram tryggingar,“ segir í svari Ferðamálastofu. „Það er ekki gott að segja hversu margir þeir verða. Hvort það verði tugir eða hundruð verður að koma í ljós.“

Útfærsla og fjárhæð trygginga er í höndum ráðherra sem setur reglur þess efnis á grundvelli laganna. Samkvæmt núgildandi reglum skulu tryggingar nema hæstu upphæð eftirfarandi skilyrða: 60% af veltu tveggja söluhæstu mánaðanna í röð, 35% af veltu fjögurra söluhæstu mánaðanna í röð eða 15% af heildarveltu á ári. Trygging skal þó aldrei nema lægri fjárhæð en 1 milljón króna. Flest fyrirtækjanna fara þá leið að fá bankaábyrgð hjá viðskiptabanka gegn þóknun til að verða sér úti um tryggingar. Svo dæmi sé tekið ábyrgist Landsbankinn 1,3 milljarða króna fyrir ferðaskrifstofur einn síns liðs.

**Lögin barn síns tíma**

Ásberg Jónsson, framkvæmdastjóri Nordic Visitor, segir að upphaflegu lögin hafi verið skrifuð þegar ferðalög voru munaðarvara. Í dag sé kostnaður við ferðalög mun minni.

„Það er margt sem þú kaupir í von um að fá það afhent. Þú kaupir eldhúsinnréttingu sem getur tapast ef seljandi fer á hausinn. Þessar tryggingar eru hins vegar íþyngjandi kvaðir sem eru lagðar sérstaklega á eina atvinnugrein,“ segir Ásberg og bætir við að í flestum tilfellum sé ekki verið að tryggja neytandanum endurgreiðsluna heldur kortafyrirtækinu.

„Kortafyrirtækið er nú þegar búið að leggja álag á þóknanir sínar með því að setja þetta inn í reiknistuðulinn. Það er sem sagt búið að gera ráð fyrir því að greiðslur tapist. Ef fyrirtækið mitt færi á hausinn fengju viðskiptavinir endurgreitt frá kortafyrirtækinu sem síðan fengi endurkröfu á þrotabúið.“

Ásberg nefnir að á Íslandi séu tvær leiðir til að útvega tryggingu; að fá bankaábyrgð eða binda pening á læstum reikningi. Víðast hvar í Evrópu séu hins vegar margar mismunandi leiðir sem taka mið af stærðargráðu rekstursins.

„Við erum komin mjög langt á eftir öðrum þjóðum,“ segir Ásberg.

Hann nefnir að til viðbótar við þyngstu tryggingakvaðir á ferðaskrifstofur í Evrópu þurfi íslenskar ferðaskrifstofur að greiða virðisaukaskatt ólíkt erlendum ferðaskrifstofum sem selja ferðir til landsins.

**Þurfti að veðsetja fasteignina**

Jón Gunnar Benjamínsson, eigandi ferðaskrifstofunnar Iceland Unlimited, þurfti að útvega tryggingu með því að fá bankaábyrgð hjá viðskiptabanka sem tók veð í fasteign hans á móti. Hann segir fyrirkomulagið íþyngjandi, sérstaklega fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki.

> **13**
> **milljónir er meðalfjárhæð tryggingar hjá ferðaskrifstofu.**

„Stórar og vel stæðar ferðaskrifstofur með töluverðar fjárhæðir á bankareikningi geta útvegað þessa tryggingu en það er ekki jafn auðvelt fyrir smærri ferðaskrifstofur. Þær þurfa að geta veðsett eignir eigenda á móti til að geta staðið undir þessu,“ segir Jón Gunnar.

**Leiti fyrirmynda erlendis**

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að taka þurfi ýmislegt til endurskoðunar áður en lögin taka gildi, og lagfæra ákvæði reglugerðarinnar, eins og gert var ráð fyrir við lagasetningu. Til þess sé meðal annars rétt að leita fyrirmynda erlendis.

„Það þarf að tryggja að reglurnar séu ekki óþarflega íþyngjandi fyrir ferðaþjónustufyrirtækin en um leið að ferðamenn séu tryggðir gegn áföllum,“ segir Jóhannes. „Svíar eru til dæmis nýbúnir að setja sambærileg en jafnframt sveigjanlegri lög um sama málaflokk. Þar þarf til dæmis ekki að reiða fram tryggingu vegna viðskiptavina sem greiða ferðirnar eftir á,“ segir Jóhannes Þór.

Bókunarþjónustur munu ekki verða til eftir gildistöku laganna og heitið ferðaskipuleggjandi breytist í ferðasala dagsferða. Þessir lögaðilar munu þurfa að endurskilgreina starfsemi sína og sækja um viðeigandi leyfi fyrir 1. mars 2019.

# Eigið fé Túnfljóts neikvætt um 114 milljónir



**Magnús Pálmi Örnólfsson, fjárfestir.**

Eigið fé Túnfljóts, fjárfestingarfélags Magnúsar Pálma Örnólfssonar sem haldið hefur á hlutum í leigufélaginu Heimavöllum, var með neikvætt fé upp á 114 milljónir króna við árslok. Helsta eign félagsins var 4,9 prósenta hlutur í Heimavöllum sem metinn var á 527 milljónir króna í bókum þess. Það átti jafnframt 248 milljóna króna kröfu á tengd félög. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi.

Túnfljót skuldaði tæplega 900 milljónir við árslok. Þar af voru 814 milljónir á gjalddaga í ár. Eigið fé Iðusteina, móðurfélags Túnfljóts, var 61 milljón króna árið 2016. Félagið hefur ekki birt ársreikning fyrir síðasta ár.

Magnús Pálmi, sem var um tíma forstöðumaður gjaldeyrismiðlunar Glitnis, hefur verið einn stærsti hluthafi Heimavalla frá stofnun og sat um hríð í stjórn félagsins. Hann hefur upplýst í frétt á frettabladid.is að Túnfljót hafi átt 500 milljónir hluta í Heimavöllum og tíu prósent af þeim bréfum hafi á fyrsta viðskiptadegi verið færð til Iðusteina. Markaðsvirði fyrrgreindra hluta væri nú samanlagt 590 milljónir króna. Félög í eigu Magnúsar er ekki að finna á lista yfir 20 stærstu hluthafa. Ekki náðist í hann við vinnslu fréttarinnar.

> Magnús Pálmi hefur verið einn stærsti hluthafi Heimavalla frá stofnun og sat um hríð í stjórn þess.

Túnfljót skuldaði Kviku banka 434 milljónir á 8,3 prósenta vöxtum og Hrafna-Flóka 380 milljónir á 5 prósenta vöxtum sem greiða þurfti í ár. Virði hlutabréfa Heimavalla hefur lækkað um 15 prósent frá skráningu í lok maí miðað við meðalgengi í hlutafjárútboðinu. **– hvj**

# Spá því að EBITDA Icelandair Group lækki um helming á öðrum fjórðungi

Greiningarfyrirtækið IFS telur að EBITDA-hagnaður Icelandair Group – afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir – verði 21,9 milljónir dala á öðrum fjórðungi ársins og lækki þannig um 48 prósent á milli ára, að því er fram kemur í nýrri afkomuspá IFS sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Greinendur IFS telja jafnframt „umdeilanlegt“ af hverju félagið hafi ekki lækkað afkomuspá sína eftir birtingu uppgjörs fyrir fyrsta fjórðung ársins í apríl síðastliðnum. Minna hafi verið um bókanir í apríl í ár en í fyrra og það sama megi segja um maímánuð.

Þeir benda enn fremur á að félagið hafi sent frá sér afkomuviðvörun síðasta sunnudag þrátt fyrir að félagið hafi skilað uppgjöri fyrir fyrsta ársfjórðung sem Björgólfur Jóhannsson forstjóri sagði að hefði verið „í takt við áætlanir“.

Samkvæmt afkomuviðvöruninni mun EBITDA félagsins verða 120 til 140 milljónir dala á þessu ári, en áður hafði félagið spáð EBITDA upp á 170 til 190 milljónir dala á árinu.




Icelandair verður rekið nálægt núlli í ár að mati IFS. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Til samanburðar nam EBITDA félagsins 170 milljónum dala í fyrra. Gengi hlutabréfanna hríðféll um fjórðung daginn eftir að félagið sendi frá sér viðvörunina.

Í afkomuspá IFS er gert ráð fyrir að Icelandair Group skili EBITDA upp á 128,2 milljónir dala á þessu ári.

Sérfræðingar IFS telja að 10,4 milljóna dala tap verði á rekstri ferðaþjónustufélagsins á öðrum ársfjórðungi en til samanburðar nam hagnaður félagsins 10,7 milljónum dala á sama tímabili í fyrra.

Þeir spá því að afkoman verði rétt við núllið, nánar tiltekið jákvæð um 0,1 milljón dala, á árinu borið saman við 40,5 milljóna dala hagnað á síðasta ári. Mestu munar um aukinn rekstrarkostnað en IFS telur að hann vaxi um allt að 14 prósent á þessu ári og verði um 1.420 milljónir dala.

Icelandair Group mun birta uppgjör fyrir annan ársfjórðung 31. júlí. **– kij**

# KRÓNAN

ENGIN AUKEFNI 100% UNGNAUTAHAKK



## 100% hamborgarabúðin þín!

120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.

★★★

**NÝ AÐFERÐ**
**Betri hamborgari!**

★★★

alltaf 2 stk. í pakka

## Nýtt!




Fylltir hamborgarar, 2x120 g

**599 kr. pk.**

Sumarkaldi léttöl

**999 kr. pk.**







12 stk. í pakka

ENGIN AUKEFNI 100% UNGNAUTAHAKK

VEGAN vegan



Grænmetisbuff, vegan, 4 stk.

**699 kr. pk.**

12 smáborgarar og brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

**1999 kr. pk.**

# Enn elda Merkel og Trump grátt silfur

**Leiðtogar Þjóðverja og Bandaríkjamanna í hár saman vegna útgjalda til varnarmála og meintra ítaka Rússa í Þýskalandi. Forseti Bandaríkjanna segir Þjóðverja „fanga“ Rússa en Þýskalandskanslari blæs á slíkan málflutning. Ekki í fyrsta skipti sem leiðtogarnir deila.**



Angela Merkel, kanslari Þýskalands, og Donald Trump Bandaríkjaforseti á fundi þeirra í gær. NORDICPHOTOS/AFP

**BELGÍA** Gærdagurinn á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins (NATO) í Brussel markaðist af orðaskiptum Angelu Merkel Þýskalandskanslara og Donalds Trump Bandaríkjaforseta. Trump hafði gefið tóninn fyrir fundinn, sagt að önnur bandalagsríki þyrftu að hysja upp um sig buxurnar þegar kemur að útgjöldum til varnarmála. Sendi öðrum bandalagsríkjum til að mynda bréf þar sem minnt var sérstaklega á samþykkt frá árinu 2014 um að tvö prósent af landsframleiðslu hvers ríkis skyldu renna til varnarmála á hverju ári í síðasta lagi árið 2024.

Í gær sneri forsetinn sér hins vegar að öðru máli. „Ef maður skoðar málið sér maður að Þýskaland er fangi Rússlands. Af því að þeir [Rússar] útvega, þeir [Þjóðverjar] losuðu sig við kolaverin, kjarnorkuverin. Þeir eru að fá svo mikið af olíu og gasi frá Rússlandi. Ég held að þetta sé eitthvað sem NATO þarf að skoða. Mér finnst þetta óviðeigandi. Við erum sammála um að þetta er óviðeigandi. Ég veit ekki hvað er hægt að gera núna en það er ekkert vit í því að þeir borgi Rússum milljarða en að við þurfum núna að verja þá fyrir Rússum,“ sagði Trump við Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóra NATO.

Samkvæmt tölum Evrópusambandsins er hlutfall rússnesks gass í Þýskalandi á milli 50 og 75 prósent en gas sér Þjóðverjum fyrir um 20 prósent af orkuþörf. Um 40 prósent þýskrar orku koma aftur á móti úr kolabrennslu. Þá hafa Þjóðverjar jafnframt lýst yfir stuðningi við smíði nýrrar leiðslu í Eystrasaltinu sem mun auka flæði rússnesks gass til Evrópusambandsríkja.

Útgjaldamálin voru forsetanum þó enn ofarlega í huga. Sagði hann Þjóðverja verja „rétt rúmlega einu prósenti“ í varnarmál samanborið við 4,2 prósent Bandaríkjamanna „ef miðað er við raunverulegar tölur“. Þjóðverjar gerðu sem sagt of lítið fyrir bandalagið. Óvíst er til hvaða talna forsetinn var að vísa en í yfirlýsingu sem NATO birti á þriðjudag segir að Þjóðverjar verji 1,24 prósentum landsframleiðslu í varnarmál og Bandaríkjamenn 3,5 prósentum.

Ekki væri nógu gott að Þjóðverjar mættu þessu viðmiði árið 2030, eins og stjórnvöld í Berlín áforma. „Þau gætu gert þetta strax á morgun,“ sagði Trump.

Merkel svaraði fyrir sig og neitaði því staðfastlega að Rússar stýrðu Þýskalandi á bak við tjöldin. „Ég hef sjálf upplifað hvernig Þýskaland var undir stjórn Sovétríkjanna. Í dag gleður það mig mjög að við séum sameinuð og frjáls. Þess vegna getum við fullyrt að við smíðum okkar stefnur sjálf og tökum sjálfstæðar ákvarðanir. Það er afar gott, sérstaklega fyrir Austur-Þjóðverja,“ sagði kanslarinn.

Angela sagði ríki sitt gera mikið fyrir NATO. „Við útvegum næstflesta hermenn, meginþorri hernaðarafls okkar stendur NATO til boða og fram til dagsins í dag höfum við lagt mikið af mörkum í Afganistan. Með til dæmis þessu erum við að verja hagsmuni Bandaríkjanna.“

Trump og Merkel funduðu síðan saman síðar um daginn. Sagði Trump við fjölmiðla eftir fundinn að útgjaldamálið sem og hin fyrirhugaða gasleiðsla hefðu verið á meðal umræðuefna. Merkel sagðist hafa rætt málefni flóttamanna og fríverslunarmál við forsetann. Sagðist hún jafnframt hlakka til frekari viðræðna. **thorgnyr@frettabladid.is**

## Ekki fyrsta rifrildið

Trump og Merkel hafa áður átt í útistöðum. Nú síðast í júní á og eftir fund G7-ríkjanna. Sá fundur leystist svo gott sem upp í glundroða eftir harðvítugar deilur um tollamál.

„Stundum finnst mér eins og Bandaríkjaforseti trúi því staðfastlega að það verði alltaf einhver að vinna og annar að tapa,“ sagði Merkel í viðtali við Das Erste eftir fundinn og bætti því við að sjálf tryði hún að hægt væri að koma á fyrirkomulagi þar sem báðir aðilar græddu.

Í viðtali við ARD sagði hún svo að ákvörðun Trumps um að draga til baka stuðning sinn við sameiginlega yfirlýsingu G7-leiðtoga væri niðurdrepandi. „Þetta er erfitt, og niðurdrepandi eins og er, en engin endalok. Ég vil ekki að við höldum áfram að auka á togstreituna.“

Andúð Trumps á kanslaranum nær hins vegar langt aftur fyrir áramót. Árið 2015, eftir að Time útnefndi Merkel mann ársins, tísti Trump til að mynda:

„Ég sagði ykkur að Time myndi aldrei velja mig þrátt fyrir að ég væri talinn líklegastur. Þau völdu manneskjuna sem er að eyðileggja Þýskaland.“

Andúðin nær hins vegar ekki lengra en til 2013. Í október það ár tísti Trump: „Angela Merkel stendur sig frábærlega sem kanslari Þýskalands.“

## Útgjöld NATO-ríkja til varnarmála

Bandaríkin 3,5%
Grikkland 2,27%
Eistland 2,14%
Bretland 2,1%
Lettland 2%
Pólland 1,98%
Litháen 1,96%
Rúmenía 1,93%
Frakkland 1,81%
Tyrkland 1,68%
Noregur 1,61%
Svartfjallaland 1,58%
Búlgaría 1,56%
Portúgal 1,36%
Holland 1,35%
Króatía 1,30%
Þýskaland 1,24%
Danmörk 1,21%
Slóvakía 1,20%
Albanía 1,19%
Ítalía 1,15%
Tékkland 1,11%
Ungverjaland 1,08%
Slóvenía 1,01%
Spánn 0,93%
Belgía 0,93%
Lúxemborg 0,55%

* Hlutfall af vergri landsframleiðslu. Heimild: NATO


FORD KA+
STÓRI SMÁBÍLLINN!

Það má með réttu segja að Ford KA+ sé stór smábíll. Hann er byggður á stærri grind en keppinautar hans og því mun rúmbetri en gengur og gerist í þessum flokki. Ford KA+ er líka sérlega snjall. Sem dæmi þá getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína.

TILBOÐ!

Mánaðargreiðsla: 26.272 kr.
- Miðað við 90% Lykillán
- Kaupverð 1.790.000 kr.
- Útborgun 179.000 kr.
- Vextir 8,25%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,85%



**Ford KA Ultimate Sport**
með öryggispakka kostar **1.950.000** kr.
Bjóðum núna nokkra sýningarbíla á **1.790.000** kr.
**Verðmæti tilboðs 160.000 kr.**

~~1.950.000 kr.~~
TILBOÐ:
**1.790.000 kr.**

*Takmarkað magn – komdu núna!*

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ford
ford.is

# Stýra umfjöllun um tollastríðið


Xi Jinping, forseti Kína. NORDICPHOTOS/AFP

**KÍNA** Svo virðist sem kínverska ríkisstjórnin reyni nú að koma í veg fyrir að Donald Trump Bandaríkjaforseti beiti sér af meiri hörku í tollastríðinu. Reuters greindi frá því í gær og hafði eftir heimildarmönnum sínum að ríkisstjórn Xi Jinping forseta hefði bannað ríkisfjölmiðlum að gagnrýna Trump.

„Í gagnrýni ykkar á gjörðir og málflutning Bandaríkjamanna skulið þið passa að tengja það ekki Trump sjálfum heldur beina því að bandarísku ríkisstjórninni í heild,“ segir til dæmis í minnisblaði með leiðbeiningum sem fjölmiðlar fengu sent. Sagði þar enn fremur að miðlarnir yrðu að hjálpa til við að koma stöðugleika á í kínverska hagkerfinu, stuðla að hagvexti, fullri atvinnu sem og stöðugleika í milliríkjaviðskiptum.

**Bandaríkjastjórn setti 10 prósenta tolla á vörur að andvirði 200 milljarða dala.**

Viðmælandi Reuters, blaðamaður á stórum, ónefndum, kínverskum fréttavef, sagði reglurnar þær ströngustu til þessa. Miðillinn mætti eingöngu birta fréttir um tollastríðið sem þegar hefðu birst á ríkismiðlinum Xinhua, en ekki skrifa sínar eigin. Þá mættu fréttir um tollastríðið ekki fara á topp vefsíðunnar.

Ríkisstjórnin Kína sakaði Bandaríkjastjórn þó um að ganga fram af of mikilli hörku í gær og varaði við mótaðgerðum eftir að Bandaríkjastjórn innleiddi tíu prósent tolla á kínverskar vörur að andvirði 200 milljarða Bandaríkjadala. – þea



Lögregla á vettvangi síðari árásarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

## Sökudólgar enn ófundnir

**BRETLAND** Lögregluyfirvöldum í Bretlandi hefur ekki enn tekist að finna út úr því hverjir sökudólgarnir í tveimur eiturefnaárásum á Salisbury-svæðinu eru og þá geta þau heldur ekki ábyrgst að meira af eitrinu, novichok, sé ekki að finna þar í landi. Þetta sagði Neil Basu aðstoðarlögreglustjóri í yfirlýsingu í gær.

„Það væri stórkostlegt að geta staðið hér og sagt ykkur frá því að við hefðum gómað árásarmennina og að við værum viss um að ekki væri örðu af taugaeitrinu að finna í landinu,“ sagði Basu en raunin er vitaskuld önnur. „Hinn þungbæri veruleiki er hins vegar sá að ég get ekki sett fram neinar slíkar staðhæfingar á þessum tíma,“ bætti Basu við og sagði að mögulega yrði heldur ekki hægt að sanna að árásirnar tvær tengdust.

Um er að ræða annars vegar árásina á Sergej og Júlíu Skrípal í mars og svo Dawn Sturgess og Charlie Rowley fyrr í þessum mánuði. Sturgess lést af völdum árásarinnar en sjúkrahúsið í Salisbury greindi frá því í gær að Rowley væri ekki lengur í lífshættu. – þea


Maðurinn hefur búið í Danmörku frá árinu 1993. NORDICPHOTOS/AFP

## Óttast að verða sendur heim eftir 25 ára dvöl

**DANMÖRK** Írani sem búið hefur í Danmörku frá 1993 og rekið pítsustað þar í rúm 10 ár óttast að verða sendur aftur til Írans. Ástæðan er sú að hann hefur heimsótt föðurland sitt fjórum sinnum á árunum 2000 til 2006.

Ferðirnar fór Íraninn, Abutaleb Jamshid Farjand, meðal annars til að vera viðstaddur útför móður sinnar og föður.

Samkvæmt dönskum lögum mega þeir sem fengið hafa dvalarleyfi til frambúðar ekki fara heim fyrstu 10 árin á eftir. Mál Íranans er nú til meðferðar hjá dönsku útlendingastofnuninni. – ibs



**Bifreiðagjöldin eru komin í pósthólfið þitt á island.is**

Greiðsluseðlar fyrir bifreiðagjöld einstaklinga birtast nú eingöngu á rafrænu formi. Þú nálgast þá í pósthólfinu þínu á island.is og um leið er krafa stofnuð í netbanka. Með þessu má spara um 65 milljónir króna og fimm tonn af pappír á hverju ári.

Gjalddagi bifreiðagjalda er 1. júlí og eindagi er 15. ágúst.

**Vilt þú útprentaðan seðil?**
Hafðu samband við Þjónustuver Tollstjóra í **560 0300** eða á **fyrirspurn@tollur.is**

Stafrænt Ísland | island.is | fjs | RSK

**Stefnum saman á stafrænt Ísland**

## Náttúrulega Ísland


Útsýnið af toppi fjallsins kemur mörgum á óvart, ekki síður ofan í gíg fjallsins en vítt og breitt yfir norðaustur-hálendið. FRETTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Skál fyrir drottningunni

**Tómas Guðbjartsson** læknir og náttúruunnandi og **Sigtryggur Ari Jóhannsson** ljósmyndari fjalla um sérstæðar perlur í íslenskri náttúru.

Herðubreið, oft nefnd drottning íslenskra fjalla, er eitt fegursta fjall á Íslandi. Fjallið sést víða að enda trónir 1.682 metra hár tindurinn upp úr auðninni í kring. Margir Íslendingar þekkja fjallið af myndum, ekki síst á óteljandi verkum eftir Stefán frá Möðrudal, sem jafnan kallaði sig Stórval.

Ekki eru allir sem vita að aðeins er ein fær gönguleið upp fjallið, eða úr vestri. Auðveldast er að komast að uppgöngustaðnum úr suðaustri frá Herðubreiðartöglum. Er þá ekið eftir jeppaslóða að frumstæðu bílastæði við jaðar Ódáðahrauns í 500 metra hæð. Þetta er krefjandi ganga en fá fjöll er skemmtilegra að klífa enda stórkostlegt útsýni af toppnum, meðal annars til Snæfells, Kverkfjalla, Dyrfjalla, Holuhrauns, Dyngjufjalla, Trölladyngju og Kollóttudyngju.

Flest vant göngufólk ætti að ráða við verkefnið sem tekur um 5-6 klukkustundir. Gangan í gegnum klettabeltið er þó ekki fyrir lofthrædda. Mesta hættan stafar af grjóthruni, einkum á heitum dögum. Því er nauðsynlegt að hafa hjálm á höfði og hafa meðferðis mannbrodda, ísöxi, göngubelti og línu. Skynsamlegt er að staðkunnugur sé með í för sem og staðsetningartæki. Veður í þessari hæð getur breyst skyndilega og þá getur orðið erfitt að finna niðurleiðina. Kostur er að vera ekki of mörg á ferð til að minnka hættu á grjótlosi á leiðinni upp klettabeltið.

Annað leyndarmál sem okkur langar til að ljóstra upp um drottninguna er að á kolli hennar er sérlega tilkomumikil gígskál. Síðari hluta sumars skartar hún ísjökum sem mara í blágrænu leysingavatni og minnir á abstrakt málverk. Aðstæður til að ganga á Herðubreið hafa sjaldan verið betri. Það var sannreynt um liðna helgi. Haldi sólarleysið áfram sunnanlands er því margt vitlausara en að skála við Herðubreið – og af hverju ekki á toppnum.



F Sjá nánar á Fréttablaðið+
Lengri umfjöllun má lesa á frettabladid.is.


Vinskafið ský vakir yfir drottningunni. Herðubreiðartögl í forgrunni. FRETTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

» Göngu á Herðubreið má líkja við kennslustund í jarðfræði en á leiðinni upp sökkulinn og klettabeltið má sjá helstu skrefin í myndun fjallsins, sem er svokallaður stapi sem verður til við gos undir jökli.


Toppgíg Herðubreiðar er aðeins hægt að berja augum af gígbarminum. MYND/ÓLAFUR MÁR


Hópurinn kemur niður af fjallinu. FRETTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR


Ríflega tuttugu manna hópur gekk á fjallið um síðustu helgi. Hér er hluti hópsins. MYND/TÓMAS GUÐBJARTSSON

## Náttúrulega Ísland



Uppganga á Herðubreið er fremur á fótinn. Sæmilega hraustu fólki er þó fjallið engin ofraun enda er útsýnið frá toppinum erfiðisins virði. MYND/ÓLAFUR MÁR



Helsta hættan sem göngufólki er búin er vegna grjóthruns. Það er nauðsynlegt að hafa hjálm. MYND/ÓLAFUR MÁR



Vegslóðinn er grófur en fær flestum jeppum. MYND/TÓMAS GUÐBJARTSSON



Horft til fjallsins fagra frá Kverkfjöllum. MYND/ÓLAFUR MÁR



Kátur gönguhópur er hér að komast upp úr efsta gili. MYND/ÓLAFUR MÁR

**»** Þegar komið er að vegslóða sem liggur um Herðubreiðartögl upp að vesturhlíð Herðubreiðar er bílnum lagt og uppgönguleiðin blasir við. Mikilvægt er að fara upp rétt gil. Þegar upp er komið er leiðin aflíðandi upp að toppi. Áríðandi er að fara sömu leið til baka.




■ Vegslóði ■ Gönguleið

KORT/MAP.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

## Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

Kringlan · SMÁRALIND · FJÖRÐUR · bóksala stúdenta · Háma

BÓNUS · KJÖRBÚÐIN · Krambúð · nettó · N1 · olís






FRÉTTABLAÐIÐ

mest lesna dagblað landsins.




# CK ONE
# CALVIN KLEIN

One for all.

**20%** afsláttur af öllum Calvin Klein ilmum.
Dagana 12. - 18. júlí

**HAGKAUP**

*Meira* svona *alla daga*

HÚSASMIÐJAN blómaval




**Kíktu á útsölublaðið okkar á husa.is**

# Útsala á sumarvörum

**20% afsláttur** af ÖLLUM reiðhjólum




**25-30% afsláttur** af ÖLLUM sláttuvélum og sláttuorfum





**50% afsláttur** af ÖLLUM garðstyttum

**20% afsláttur** af ÖLLUM bökunarvörum



**30% afsláttur** af ÖLLUM útipottum



**30% afsláttur** af ÖLLUM garðhúsgögnum



**20-50% afsláttur** af ÖLLUM sumarblómum



**20% afsláttur** af ALLRI útimálningu og viðarvörn




**Pallaolía Jotun Treolje**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123, 33, 37

3 ltr

**1.995 kr**

~~2.495 kr~~

Byggjum á betra verði



**25% afsláttur** af ÖLLUM hreinsiefnum og hreingerningaráhöldum



**25% afsláttur** af ÖLLUM plastkörfum og boxum



**30% afsláttur** af ÖLLUM matarstellum, glösum og könnum

VEGGMÁLNING: 10580 **SOFT SKIN**

# LADY litur mánaðarins

Roðinn tónn með vott af bleiku. Kvenlegur, hlýr og blíður býður hann þig velkominn. Þessi litur er draumur...mögulega eitthvað fyrir svefnherbergið?

Sólgleraugu norðurslóða, dempaðir ferskir tónar og brúnir sandlitir sameinast í afslappandi andrúmslofti þar sem sögur sólríkari landa hvíslast um eyru þín.



**Blöndum alla liti**

**25% afsláttur** af LADY Pure Color

LADY PREMIUM PAINT & COLORS

Sjá meira um LADY litina á husa.is



# Pallaefni

Útsala

**25% afsláttur**

27x95 mm, 4 metrar, vnr. 628640

AB gagnvarin fura 27x95 mm, 4 metrar. Geggjað verð

628640

**175 kr/lm**

~~234~~ kr/lm



**30-40% afsláttur** af harðparketi (valdar vörur)

**1.595 kr/m²**

~~2.290~~ kr/m²

Harðparket

Nature eik, 8 mm.

147422

EINNIG Í VEFVERSLUN HUSA.IS

# Ástand heimsins







**1.** Palestínskur strákur situr á stól með þjóðfána sinn og fylgist með verktökum ísraelskra yfirvalda rífa skóla í bænum Yatta, suður af borginni Hebron. Til stendur að flytja skólann. NORDICPHOTOS/AFP

**2.** Japanskur maður hendir ónýtum innanstokksmunum eftir að flæddi inn í hús hans í Okayama-héraði. Miklar rigningar hafa kostað að minnsta kosti 179 Japana lífið að undanförnu. NORDICPHOTOS/AFP

**3.** Mannréttindabaráttufólk mótmælti harðlega morðinu á Haroon Bilour, leiðtoga ANP-flokksins, í Karachi í Pakistan í gær. Bilour var einn þeirra tuttugu sem voru myrtir í sjálfsmorðssprengjuárás þann 10. júlí síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**4.** Úganski stjórnmálamaðurinn Robert Kyagulanyi, áður tónlistarmaður, fór fyrir mótmælum í höfuðborginni Kampala í gær. Verið var að mótmæla skattlagningu samfélagsmiðlanotkunar og skaut lögregla á mótmælendur og beitti táragasi. Í dag kostar andvirði um fimm króna daglega að nota samfélagsmiðla þar í landi. NORDICPHOTOS/AFP

**5.** Filippus sjötti Spánarkonungur sótti í gær útskriftarathöfn hermanna í herskólanum í Saragossa. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA













SÍÐUSTU
DAGAR
ÚTSÖLUNNAR
30-60% AFSLÁTTUR
ROYAL LAYLA
30% AFSL
Hágæða millistíft fimmsvæða skipt heilsurúm með áföstum 10cm mjúkum topp, millistífu pokagormakerfi, stífum kanti ásamt botni og fótum.
140x200 cm
ÚTSÖLUVERÐ
108.664 kr.
9.777 kr. *á mánuði með kreditkortaláni.
FULLT VERÐ 155.233 kr.
160x200 cm
ÚTSÖLUVERÐ
130.415 kr.
11.653 kr. *á mánuði með kreditkortaláni.
FULLT VERÐ 186.306 kr.
180x200 cm
ÚTSÖLUVERÐ
157.509 kr.
13.990 kr. *á mánuði með kreditkortaláni.
FULLT VERÐ 225.013 kr.
**Miðað við 12 mánaða vaxtalausan greiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald
KOMDU NÚNA!
FYRSTA GREIÐSLA Í OKTÓBER.
*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reyk… …-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Hetjusaga



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ólík mál rata í heimsfréttir og krefjast ítarlegra fréttaskýringa og má þar nefna pólitískt uppnám í Bretlandi vegna Brexit, leiðangurs sem þjóðin hefði betur aldrei lagt upp í, eins og henni ætti nú sjálfri að vera orðið ljóst. Gjörðir Donalds Trump Bandaríkjaforseta eru þess eðlis að þær krefjast andsvara svo að segja á degi hverjum þótt ýmsir séu farnir að fórna höndum í fullkominni uppgjöf gagnvart hinum langdregna farsa í Hvíta húsinu. Skiljanlega kjósa samt ekki nær allir að setja sig inn í ólánið í breskum og bandarískum stjórnmálum og leita gleðinnar í fótboltanum á HM en fyllast margir depurð þegar liðið þeirra dettur úr keppni, en sýna þann dug að hrista hana af sér fyrir úrslitaleikinn.

Samt eru það hvorki pólitísku fréttirnar né íþróttafréttirnar sem mestu máli hafa skipt undanfarið. Þær blikna einfaldlega í samanburði við fréttir af tólf drengjum og þjálfara þeirra sem í rúmar tvær vikur höfðust við í dimmum og köldum helli í Taílandi. Umheimurinn fylgdist með hættulegum björgunaraðgerðum þar sem einn kafari lét lífið. Hann kom súrefniskútum til drengjanna en hugði ekki að eigin öryggi og fórnaði lífi sínu við hjálparstörf. Þau örlög hefðu auðveldlega getað beðið fleiri björgunarmanna. Svo fór þó ekki og bjarga tókst drengjunum og þjálfaranum. Því fagnar heimsbyggðin innilega.

Sagan af drengjunum í hellinum, þjálfara þeirra og björgunarmönnum er hetjusaga. Þar eru engir skúrkar, nema ef vera skyldi hin grimmu og eyðandi náttúruöfl. Alltof sjaldan sjáum við manneskjur sameinast í fórnfúsu starfi. Iðulega eru þær uppteknar við að berja hver á annarri og eyða gríðarlegri orku í þref og nöldur. Stundum er engu líkara en þær lifi í hrokafullri vissu um að þær séu ódauðlegar og telji því enga ástæðu til að nýta tímann betur en þær gera.

En svo eru dæmi um hið gagnstæða, eins og við höfum séð síðustu daga og vikur. Í Taílandi voru fórnfúsir einstaklingar tilbúnir að leggja allt á sig til að bjarga öðrum. Björgunarmenn, sem voru í kapphlaupi við dauðann, neituðu að gefast upp. Það var heldur enga uppgjöf að finna hjá drengjunum í hellinum og þjálfara þeirra. „Hvaðan ertu?“ spurðu máttfarnir drengirnir kafarann sem fann þá og þegar hann sagðist vera frá Englandi sögðu þeir hrifningarfullir: Vá! Upphrópun sem vakti hrifningu á Bretlandseyjum. Í bréfum frá drengjunum sem komið var til foreldra þeirra sýndi sig að þeir kunna að forgangsraða á réttan hátt því þeir báðu um að fá að losna undan heimavinnu í skólanum. Svona strákar kunna sannarlega að bjarga sér í ömurlegum aðstæðum. Þess vegna kemur ekki á óvart að heyra að þeir séu brosandi á sjúkrahúsi en um leið nokkuð svangir. Vonandi mun þeim vel farnast í lífinu, það ætti að styrkja þá að góðar óskir heimsbyggðarinnar fylgja þeim.

Hetjur eru blessunarlega til, eins og við höfum orðið vitni að. Við hin göngum ekki auðveldlega í fótspor þeirra en getum þó endalaust dáðst að hugrekkinu sem var sýnt.

**Björgunarmenn, sem voru í kapphlaupi við dauðann, neituðu að gefast upp.**

HÁGÆÐA IÐNAÐARHURÐIR



VÉLABORG www.velaborg.is
Crawford
ASSA ABLOY
Járnháls 2-4 | 414-8600 | velaborg@velaborg.is

### Halldór




## Frá degi til dags

**Taktleysi**

**Kjaradeila ljósmæðra við ríkið tók á sig sína verstu mynd í gær. Samningafundur fór fram í húsakynnum ríkissáttasemjara og mætti hópur fólks þar fyrir utan til að sýna stéttinni samstöðu. Það eitt og sér getur verið ágætt. Öllu verra var þegar hópurinn tók upp á því að skella í smá víkingaklapp. Klappið jaðrar oft við að vera kjánalegt á kappleikjum og í þessu tilfelli var það alveg út úr kú. Formaður samninganefndar ljósmæðra hefur sennilega prísað sig sæla yfir því að vera víðs fjarri þessum gjörningi.**

**Ísbjarnarleysi**

**Sem kunnugt er var leit gerð að hvítabirni á Melrakkasléttu fyrr í þessari viku. Þegar upp var staðið reyndist hinn meinti ísbjörn sennilega vera kind. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ísbjörn reynist ekki vera ísbjörn. Eitt sinn, skömmu eftir að raunverulegur björn hafði gengið á land og verið felldur, var tilkynnt um slíkt dýr á vappi. Hafði sá sem tilkynnti sannfærst um að hér væri bjössi á ferðinni þegar kvikindið „reis upp á afturlappirnar“ og gekk á brott. Síðar kom í ljós að um tóman áburðarsekk var að ræða. Bregðist minni undirritaðs ekki var tilkynnandi þingmaður.** joli@frettabladid.is

## Byltingin er staðreynd



Þóra Kristín Þórsdóttir
forynja Kvennahreyfingarinnar

Þegar starfsstétt er sagt að nú þurfi framvegis að læra tveimur árum lengur í háskóla til að fá starfsleyfi er eðlilegt að stéttin geri kröfur um hærri laun. Nú hefur sú þróun orðið á undanförnum tveimur áratugum að búið er að meistaravæða flestallar háskólamenntaðar kvennastéttir hins opinbera, sbr. kennara, hjúkrunarfræðinga og ljósmæður, án þess að kjörin hafi batnað til samræmis. Á síðasta áratug hafa aðilar vinnumarkaðarins svo komið sér saman um að hér þurfi að „skapast sátt“, og binda vonir við að hér verði haldið í einhvers konar SALEK-samkomulag – þar sem öll stéttarfélög semji um sams konar prósentuhækkanir. Það þýðir að núverandi misrétti á að innmúrast í kerfið, þar með talið kynbundið misrétti – þ.e.a.s. það að hefðbundnar karlastéttir, sbr. verkfræðingar, lögfræðingar, prestar og læknar, eru með mun hærri laun en kvennastéttirnar.

Við erum nú í öldu femínískra byltinga, sbr. #metoo og #höfumhátt. Konur eru fullar af eldmóði og bera ekki lengur virðingu fyrir hefðbundinni stöðu sinni, hvort sem hún felst í að sætta sig við áreitni á vinnustað eða bera virðingu fyrir karllægu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Hátt í þrjátíu ljósmæður hafa nú sagt upp störfum, margar deildir á spítölum landsins geta ekki haldið fullri virkni vegna skorts á hjúkrunarfræðingum og á næstunni horfum við fram á alvarlegan kennaraskort í skólakerfinu.

Málið er ofureinfalt. Konur eru ekki tilbúnar til að sætta sig lengur við lægri laun fyrir að velja sér hefðbundið kvennastarf. Það þarf að setja upp nýtt líkan þar sem laun hverrar kvennastéttar eru miðuð við karlastétt með sambærilegar menntunarkröfur og álag annars staðar í kerfinu, auk vaktaálags þegar það á við. Það er ekki fyrr en að þessu loknu sem hægt er að skapa sátt á vinnumarkaði. Og á þessu þurfa samningsaðilar að átta sig strax nú því að börn koma þegar þau koma, hvort sem fæðingardeildirnar eru fullkvennaðar eða ekki. Öryggi þeirra og mæðra þeirra þarf að tryggja.

**Málið er ofureinfalt. Konur eru ekki tilbúnar til að sætta sig lengur við lægri laun fyrir að velja sér hefðbundið kvennastarf.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Minning um Bjarna Braga

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Þeir gátu verið skemmilegir kaffitímarnir í Framkvæmdastofnun ríkisins í gamla daga. Þetta var á vinstristjórnarárunum 1971-1974, Ólafur Jóhannesson var forsætisráðherra og Hannibal Valdimarsson og Lúðvík Jósepsson, gamlar kempur að vestan og austan, sátu með honum í ríkisstjórn ásamt öðrum. Morgunblaðið hafði allt á hornum sér og þá einnig þessa voðalegu stofnun við Rauðarárstíginn í Reykjavík sem annaðist m.a. áætlanagerð og hagskýrslugerð fyrir ríkisstjórnina. Þar var ég í tvígang sumarmaður á námsárum mínum í útlöndum eins og ég hafði áður verið í Seðlabankanum til að læra á reipin eins og enskir sjómenn myndu segja.

Þarna störfuðu margir ungir og vaskir hagfræðingar sem of langt yrði upp að telja hér og áttu eftir að verða hagstofustjórar, ráðherrar, ráðuneytisstjórar o.fl. Reyndastur í hópnum og geislandi af glaðværð frá morgni til kvölds var Bjarni Bragi Jónsson. Ég vissi að hann var lífsglaður að lundarfari því eldri sonur hans, Jón Bragi Bjarnason, efnafræðingur og síðar prófessor, var vinur okkar Vilmundar bróður míns, glaðvær alvörumaður í góðum hlutföllum. Þeir feðgar, Bjarni Bragi og Jón Bragi, báru hvor af öðrum.

Hvernig var það nú aftur þetta lag eftir Schubert? átti Bjarni Bragi til að spyrja yfir eftirmiðdagskaffinu á Rauðarárstígnum og syngja síðan lagið. Svona eiga hagfræðingar að vera, hugsaði ég. Hann söng í Pólífónkórnum um langt árabil. Hann vann stundum lengi fram eftir nema hann tæki vinnuna með sér heim. Á einni slíkri vakt þegar hann sat við vinnu sína í Efnahagsstofnun eftir lokun hringdi síminn, hann svaraði og þar var þá kona í öngum sínum, hún þurfti að láta hreinsa kápuna sína fyrir morgundaginn og var búin að hringja í allar hinar efnalaugarnar.

## Umbrot eftir 1960

Áður en ég kynntist honum fyrst í Framkvæmdastofnun ríkisins hafði Bjarni Bragi starfað í Framkvæmdabanka Íslands með dr. Benjamín Eiríkssyni, fyrsta íslenzka hagfræðingnum sem lauk doktorsprófi utan Þýzkalands, og í Efnahagsstofnun með Jónasi Haralz og hafði verið forstjóri hennar um skeið. Bjarni hafði stundað framhaldsnám í hagfræði í Cambridge-háskóla á Englandi og starfað hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OCED) í París. Hann var eftir því víðsýnn og lagði margt gott og gagnlegt til þeirrar líflegu umræðu sem fram fór fyrir opnum tjöldum árin eftir myndun viðreisnarstjórnarinnar 1960. Umræðuefnið var frekari frívæðing efnahagslífsins og hugsanleg þátttaka Íslands í efnahagssamvinnu Evrópuþjóða sem voru þá smám saman að rífa sig upp úr rústum heimsstyrjaldarinnar. Þarna voru lögð frumdrög að inngöngu Íslands í EFTA 1970 og á Evrópska efnahagssvæðið (EES) 1994.

Bjarni Bragi tók strax 1962 að lýsa þeirri skoðun að bezta leiðin til að stýra fiskveiðum við Ísland og stuðla að heilbrigðu sambýli sjávarútvegs og annarra atvinnuvega væri með veiðigjaldi sem hann kallaði auðlindaskatt eins og þá tíðkaðist. Þetta voru þau ár þegar skattar þóttu eðlilegur fylgifiskur eða jafnvel forsenda nauðsynlegrar uppbyggingar eftir stríð, m.a. til að efla almannatryggingar og aðra innviði. Síðar var bent á að orðið „gjald“ á betur við hér en „skattur“ þar eð gjald er bein greiðsla fyrir veitta þjónustu, t.d. réttinn til að veiða lax eða þorsk, en skattur er greiddur óbeint fyrir opinbera þjónustu. Eigandi laxveiðiár eða leiguíbúðar leggur ekki skatt heldur gjald á gesti sína.

> **Hann vann stundum lengi fram eftir nema hann tæki vinnuna með sér heim. Á einni slíkri vakt þegar hann sat við vinnu sína í Efnahagsstofnun eftir lokun hringdi síminn, hann svaraði og þar var þá kona í öngum sínum, hún þurfti að láta hreinsa kápuna sína fyrir morgundaginn og var búin að hringja í allar hinar efnalaugarnar.**

Bjarni Bragi flutti sögufrægt erindi um málið á 22. ársfundi norrænna hagfræðinga í Reykjavík 1975. Seðlabanki Íslands birti ritgerð hans um málið í Fjármálatíðindum bæði á dönsku og íslenzku síðar sama ár ásamt lofsamlegum ummælum tveggja norrænna hagfræðinga, Norðmanns og Svía. Bjarni skildi að boðskap sem þennan flytur maður ekki einu sinni heldur aftur og aftur. Hann lét sitt ekki eftir liggja. Margir aðrir embættismenn og hagfræðingar utan stjórnsýslunnar tóku undir sjónarmið hans, sjónarmið sem yfirgnæfandi hluti (83%) kjósenda gerði að sínu sjónarmiði í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 með því að lýsa stuðningi við stjórnarskrárákvæði um auðlindir í þjóðareigu.

## Rödd hans mun óma áfram

Að loknu verki í Framkvæmdastofnun flutti Bjarni Bragi starfsvettvang sinn í Seðlabankann þar sem hann var fyrst hagfræðingur bankans, síðan aðstoðarbankastjóri og loks hagfræðilegur ráðunautur bankastjórnar. Seðlabankinn gerði sjónarmið Bjarna Braga og margra annarra hagfræðinga bankans í auðlindamálinu ekki að sínu sjónarmiði, a.m.k. ekki opinskátt, enda þótt vel útfært veiðigjald hefði gert bankanum auðveldara fyrir í viðureigninni við þráláta verðbólgu með því að styrkja ríkisfjármálin. Stöðugt verðlag er annað tveggja lögbundinna markmiða Seðlabankans; hitt er stöðugt fjármálakerfi. Seðlabankinn hefði náð betri árangri hefði hann fylgt ráðum Bjarna Braga Jónssonar í fiskveiðistjórnarmálinu.

Rödd Bjarna Braga mun óma áfram þótt hann sé nú fallinn frá næstum níræður að aldri. Við sem yngri erum kunnum mörg að meta stuðning hans við baráttuna fyrir hagkvæmara, betra og réttlátara efnahagslífi um landið.



# Málefni heimilislausra í Reykjavík



Sigurlaug Guðný Ingólfsdóttir



Júlíus Þórðarson



Garðar S. Ottesen
stjórn Kærleikssamtakanna

*Opið bréf til borgarstjórans í Reykjavík og Umboðsmanns Alþingis.*

Síðastliðinn vetur talaði borgarstjórinn um að vandi heimilislausra væri orðinn að samfélagsvanda. Að heimilisleysi sé risastórt samfélagslegt verkefni og að allir þurfi að leggjast á eitt til þess að leysa þennan vanda. Umboðsmaður Alþingis er að eigin frumkvæði að athuga húsnæðisvanda utangarðsfólks og hefur sent sveitarfélögum landsins erindi og óskað svara.

Hvað þýðir sú ranghugmynd að heimilisleysi sé risastórt samfélagslegt verkefni? Hverjir eru heimilislausir – eingöngu utangarðsfólk? Hverjir eru utangarðs? Í lögum stendur: „Húsnæðislaus er sá sem ekki hefur aðgang að hefðbundnu húsnæði, hann hefur ekki húsaskjól að staðaldri á sama stað og gistir þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiskýli, á gistiheimili eða inni á öðru fólki. Þeir sem koma úr tímabundnu húsaskjóli, svo sem úr fangelsi eða úr vímuefnameðferð, eiga sögu um margháttaða húsnæðis- og félagslega erfiðleika og eiga ekki tryggt húsaskjól einum til tveimur mánuðum áður en þeir fara úr hinu tímabundna húsnæði, eru taldir hér með.“

Hvaða verkefni getur fólkið í landinu unnið úti í samfélaginu og hverjir eiga að vinna það verkefni? Eiga þeir sem eru ekki heimilislausir að aðstoða heimilislausa til að eignast heimili? Hvernig? Eiga heimilislausir sjálfir að útvega sér húsnæði peningalausir, utangarðs, með fíknivanda, í fangelsi, með langa áfallasögu og alls konar annan vanda? Hvernig? Til hvers er velferðarkerfið? Til hvers er félagslega kerfið? Til hvers starfa ótal einstaklingar á fullum launum og ýmsum fríðindum hjá borginni sem eiga að þjónusta heimilislausa? Á nú almenningur að starfa líka að sama málefni án launa, án tengsla við heimilislausa, án þekkingar á vanda þeirra, án fagþekkingar og meðferðarþekkingar?

Af hverju beinir borgarstjórinn ekki sínum áhrifum og skyldu að þeim starfsmönnum sem ráðnir eru og sem er gert hátt undir höfði vegna þekkingar og menntunar sinnar til að aðstoða og þjónusta heimilislausa?

Af hverju beinir Umboðsmaður Alþingis ekki áhrifum sínum og skyldu að borgarstjóranum og sveitarfélögum landsins með þeim tilmælum að taka á heimilisvanda í landinu? Af hverju er Umboðsmaður Alþingis ekki með skýra mynd á hvaða hóp einstaklinga hann á við í athugun sinni? Á hann við rónana á Austurvelli, á hann við ungt fólk sem býr heima og getur ekki stofnað eigið heimili og þá sérstaklega þá sem foreldrarnir henda út á götu, á hann við einstæða foreldra og hjón

**Af hverju beinir borgarstjórinn ekki sínum áhrifum og skyldu að þeim starfsmönnum sem ráðnir eru og sem er gert hátt undir höfði vegna þekkingar og menntunar sinnar til að aðstoða og þjónusta heimilislausa?**

sem ná ekki endum saman og geta ekki búið börnum sínum eðlilegt heimili, á hann við þá sem lenda í slysum og missa vinnu og húsnæði sitt, á hann við þá sem veikjast og missa vinnu og húsnæði sitt, á hann við einstaklingana í Laugardalnum, á hann við einstaklingana í Víðinesi, á hann við einstaklingana sem koma á kaffistofu Samhjálpar og nýta sér víðtækari þjónustu þeirra og annara meðferðarstofnana? Hverjir eru utangarðs og hverjir eru heimilislausir?

Merkilegt orðalag „freistnivandi“ hjá borgarstjóranum í viðtali sl. vetur. Eru alþingismenn ekki sífellt að freistast til að borga sér hærri laun og þar með viðhalda þeirri fátækt sem komin er á og skapa enn meiri fátækt? Ef ríkið myndi fara eftir lagagreinum þeim sem Umboðsmaður Alþingis nefnir í bréfi sínu til sveitarfélaganna um lagalega skyldu þeirra til að sjá til þess að einstaklingar og fjölskyldur lendi ekki í þeirri stöðu að verða heimilislaus – þá væru einstaklingarnir í samfélaginu ekki með þennan umrædda freistnivanda!

Af hverju eru fjölskyldur einstaklinga sem lenda í kerfisvandanum örvæntingarfullar að mati borgarstjórans? Getur það verið af því að fólki í sjálfsvígshugleiðingum er vísað frá geðdeildinni? Kannski af því að of fá varanleg úrræði bíða einstaklinga sem afplána og að þeim hefur ekki verið hjálpað að takast á við upprunalegan vanda sinn? Eða kannski af því að barnavernd er eingöngu með úrræði ef skólakerfið tilkynnir foreldra en ekki öfugt?

Hvort eru einstaklingar sem eru í húsnæðisvanda á verri stað eða sá sem hefur valdið til að leysa húsnæðisvanda þeirra og er lagalega skyldugur til þess?

# Hugað að hæfni í ferðaþjónustu



María Guðmundsdóttir
fræðslustjóri Samtaka ferðaþjónustunnar og formaður stýrihóps Hæfnisetur ferðaþjónustunnar

Samtök ferðaþjónustunnar fagna nýútkominni skýrslu um færniþörf á vinnumarkaði en Ísland hefur lengi verið eftirbátur Evrópuríkja þegar kemur að því að leggja mat á hæfni- og menntunarþörf á vinnumarkaði til skemmri og lengri tíma. Skýrslan var unnin af sérfræðingahópi fulltrúa frá SA, ASÍ, Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnun. Sérfræðingahópurinn leggur til að tekið verði upp spáferli um færniþróun á vinnumarkaði hér á landi og að horft verði til reynslu nágrannaþjóða í þeim efnum.

### Markmið færnispár

Hver er svo tilgangurinn með færnispám? Í skýrslunni segir að markmiðið með þeim sé að aðstoða þá sem koma að ákvarðanatöku um menntun og þjálfun, auk lykilhagsmunaaðila á vinnumarkaði, og einstaklinga til að taka upplýstar ákvarðanir um menntun og færni en þannig megi stuðla að betra og skilvirkara atvinnulífi og auka samkeppnishæfni Íslands. Óhætt er að segja að færni (hæfni) sé mikilvægur innviður í efnahagslífinu og ákvarðanir varðandi færni einstaklinga hafi því mikil áhrif á velmegun til framtíðar.

Skýrslan er jafnframt mikilvægt skref í því að opna augu okkar fyrir því að einblína ekki um of á formlega menntun starfsmanna, heldur að menntunin og færnin henti atvinnulífinu og þeim störfum sem eru á vinnumarkaði. Frá hruni hefur sú þróun orðið að vaxandi misræmi er milli menntunar og starfa á vinnumarkaði. Þetta leiðir til þess að einstaklingar ráða sig í störf sem þeir eru annaðhvort of færir í eða störf sem krefjast færni sem þá skortir. Staða háskólamenntaðra á vinnumarkaði hefur versnað undanfarin ár en hér á landi er fjölbreytt framboð af háskólamenntun. Tegund háskólamenntunar er þó ekki endilega í samræmi við þau störf sem verða til á vinnumarkaði hér á landi.

### Fjárfestum í hæfni

Gríðarlegur vöxtur hefur orðið í ferðaþjónustu á undandförnum árum en árið 2016 gaf Stjórnstöð ferðamála með aðkomu Samtaka ferðaþjónustunnar út skýrsluna „Fjárfestum í hæfni starfsmanna“ með tillögum um mannafla, hæfni og gæði í ferðaþjónustu. Helstu tillögur skýrslunnar snérust um að menntun og þjálfun í ferðaþjónustu yrði markvissari og miðaði að þörfum ferðaþjónustunnar. Jafnframt var lögð áhersla á mikilvægi þrepaskipts starfsnáms í ferðaþjónustu ásamt því að ferðaþjónustan yrði arðsöm atvinnugrein sem nyti virðingar og að eftirsótt yrði að starfa innan hennar. Í skýrslunni er lögð áhersla á að kortleggja betur störf í ferðaþjónustu og að lagt verði mat á hæfniþörf innan ferðaþjónustunnar til næstu ára og áratuga við stefnumótun í atvinnu- og menntamálum.

### Ný nálgun með Hæfnisetri ferðaþjónustunnar

Til að sinna því verkefni var Hæfnisetur ferðaþjónustunnar sett á laggirnar. Hæfnisetur ferðaþjónustunnar er samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvalda um heildstæðar lausnir og úrbætur til að auka hæfni í ferðaþjónustu á Íslandi á forsendum greinarinnar. Setrið er vistað hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. sem er í eigu aðila vinnumarkaðarins.

Starfsemi Hæfnisetursins hefur verið tryggð næstu þrjú árin, en atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið leggur rúmlega 50 m.kr. árlega til verkefnisins. Fyrsta starfsár Hæfniseturs ferðaþjónustunnar er afstaðið. Óhætt er að fullyrða að

**Frá hruni hefur sú þróun orðið að vaxandi misræmi er milli menntunar og starfa á vinnumarkaði. Þetta leiðir til þess að einstaklingar ráða sig í störf sem þeir eru annaðhvort of færir í eða störf sem krefjast færni sem þá skortir.**

í heildina gangi verkefnið vel og að það veki verðskuldaða athygli fyrir nýja nálgun í þessari ört vaxandi atvinnugrein og að hugsanlega geti það orðið öðrum atvinnugreinum til eftirbreytni, m.a. til eflingar á þrepaskiptu starfsnámi í landinu. Hægt er að kynna sér starfsemi Hæfnisetursins nánar á vefsíðunni hæfni.is.

# Laxeldi án heimilda



Gunnlaugur Stefánsson
formaður Veiðifélags Breiðdæla

Í Berufirði hefur verið rekið laxeldi á vegum Fiskeldis Austfjarða í meirihlutaeigu norskra eldisrisa. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun var þar 1,1 milljón laxa í tíu opnum sjókvíum. Álitið er að hrygningarstofn villtra laxa sé um 100 þúsund fiskar á Íslandi. Eldisfiskarnir í Berufirði eru frjóir og af norskum stofni. Bannað er í Noregi að nýta framandi stofna í eldi.

En Fiskeldi Austfjarða hefur enga heimild í leyfum í þessu eldi fyrir laxi af norskum uppruna. Það er klárt lögbrot og sambærilegt við að kúabændur færu að flytja inn norska erfðavísa án leyfis til að nýta í ræktun íslenskra kúa – og látið átölulaust. Sömuleiðis hefur Fiskeldi Austfjarða enga heimild í leyfum til að losa fosfór í sjóinn sem er uppistaðan í mengandi úrgangi frá eldinu. Þá hefur þessi eldisiðja aldrei farið í umhverfismat. Hvernig er hægt að taka mark á opinberum eftirlitsstofnunum sem láta þetta allt viðgangast eða er verið að hygla eldisiðjunni umfram aðra?

Laxeldið í Berufirði hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum. Í desember gekk bálviðri yfir Austfirði með kuldatíð í kjölfarið og lagðist hart á eldið. Samkvæmt lýsingum Matvælastofnunar þá losnaði um festingar í einni kví, 285 tonn af

**Alls staðar í veröldinni, þar sem laxeldi fer fram í opnum sjókvíum, sleppur fiskur. Það hefur reynslan líka staðfest hér á landi. Þess vegna vekur furðu hjá fagfólki á alþjóðavettvangi, að íslensk stjórnvöld skuli leyfa opnar sjókvíar með frjóum fiski af framandi stofni í nýju fiskeldi í stað þess að allt eldi fari í lokuð kerfi með geldfiski. Á það stefna nágrannaþjóðir okkar í ljósi dýrkeyptrar reynslu.**

laxi sýktust og var slátrað og voru urðuð að stærstum hluta á landi.

Nú hefur það gerst eftir hvassviðri, sem gekk yfir Austfirði um miðjan júní, að stórar laxatorfur sáust á stökki í Hvítárvík 21. júní og aftur í Fossárvík 29. júní, en báðir staðir eru skammt innan við eldiskvíarnar í Svarthamarsvík í Berufirði. Reynslan staðfestir að eldisfyrirtækin tilkynna ekki um slysasleppingar fyrr en þær eru öllum ljósar seint og um síðir. Laxatorfur við strendur Berufjarðar hljóta að beina augum að eldiskvíunum og slysasleppingum þaðan. Þetta hefur verið tilkynnt Fiskistofu, en óhægt er um vik með eftiráeftirlit, þegar strokufiskur hefur dreift sér um allan sjó.

Það er því sjálfsögð krafa, til að tryggja eftirlit eins og frekast má, að eftirlitsfólk verði ráðið til Fiskistofu í full störf á allar eldisstöðvar á kostnað eldisiðjunnar, svo grípa megi strax til ráðstafana, þegar fiskur sleppur, til að lágmarka tjónið á lífríkinu og villtum laxastofnum með sjúkdómasmiti og erfðablöndun.

Alls staðar í veröldinni, þar sem laxeldi fer fram í opnum sjókvíum, sleppur fiskur. Það hefur reynslan líka staðfest hér á landi. Þess vegna vekur furðu hjá fagfólki á alþjóðavettvangi, að íslensk stjórnvöld skuli leyfa opnar sjókvíar með frjóum fiski af framandi stofni í nýju fiskeldi í stað þess að allt eldi fari í lokuð kerfi með geldfiski. Á það stefna nágrannaþjóðir okkar í ljósi dýrkeyptrar reynslu. Ætla Íslendingar að sætta sig við úrelta tækni í fiskeldi með óafturkræfum skaða fyrir lífríkið og fórna villtum laxastofnum? En norskir eldisrisar sitja á íslenska fjósbitanum og brosa breitt.

# VIÐ EIGUM BÓK FYRIR ÞIG!




**Refurinn**
**VILDARVERÐ: 2.399.-**
Verð: 2.999.-




**Landnámssögur við þjóðveginn**
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Verð: 4.999.-




**Katrín mikla**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð:3.999.-




**Uglan drepur bara á nóttunni**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð:3.999.-




**Hvert andartak enn á lífi**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð:3.999.-




**Valerian (safnbók 2)**
**VILDARVERÐ: 4.999.-**
Verð: 6.399.-




**Geisli Bíldudal**
**VILDARVERÐ: 3.599.-**
Verð: 4.499.-




**Mínus átján gráður**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð:3.999.




**Lífið heldur áfram**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-




**Löggubær**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 3.699.-




**Sumar í Litla bakaríinu við Strandgötu**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð:3.999.-




**Vegahandbókin**
**VILDARVERÐ: 4.299.-**
Verð: 4.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 15. júlí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## Valur vann frækinn sigur á Rosenborg í Meistaradeild Evrópu




Valur hafði betur með einu marki gegn engu þegar liðið mætti Rosenborg í fyrri leik liðanna í fyrstu umferð í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu karla á Origo-vellinum í gærkvöldi. Það var Eiður Aron Sigurbjörnsson sem skoraði sigurmark Vals í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Real leitar að arftaka Ronaldo

**Forráðamenn Real Madrid þurfa að fylla í stórt skarð sem Cristiano Ronaldo skildi eftir við félagsskiptin til Juventus. Félagið hefur ekki keypt stórstjörnu í heimsklassa í fjögur ár en þarf líklegast að ná í 2-3 í sumar.**

**FÓTBOLTI** Brotthvarf Cristiano Ronaldo frá Real Madrid skilur eftir risastórt skarð í leikmannahóp spænska stórveldisins. Níu ára dvöl Ronaldo í höfuðborg Spánar lauk á dögunum þar sem hann vann alls fimmtán titla.

Það er ljóst að Florentino Pérez og stjórn Real Madrid einfaldlega verða að finna aðra stórstjörnu til að fylla í skarð Ronaldo.

Hann er einn besti leikmaður sem hefur leikið fyrir félagið, eins og tölfræðin leiðir í ljós.

Skoraði Ronaldo 450 mörk í 438 leikjum í hvítri treyju Real eða 1,03 mark að meðaltali í leik og er erfitt að sjá nokkurn mann toppa það.

Næstur á þessum lista er goðsögnin Raul sem skoraði 323 mörk á sextán ára ferli sínum.

Pérez hefur haft hægt um sig undanfarin ár en fjögur ár eru síðan liðið keypti síðast stórstjörnu, James Rodriguez.

Þar áður fannst Pérez ekki leiðinlegt að kaupa stærstu stjörnur heimsins. Stuðningsmenn Real Madrid voru orðnir vanir að fá nýjar stjörnur árlega líkt og Gareth Bale, Kaka, Cristiano Ronaldo ásamt leikmönnum eins og Luís Figo, Zinedine Zidane, Ronaldo og David Beckham í upphafi stjórnartíðar Pérez.

### Nokkrir sem koma til greina

Óvíst er um framhaldið hjá Bale og Benzema í Madrídarborg og gæti Julen Lopetegui, nýráðinn þjálfari liðsins, því þurft að kaupa inn nýja sóknarlínu í heild sinni. Hann ætti að fá úr nokkuð djúpum vösum að ráðstafa í nýja leikmenn og kæmi ekki á óvart ef hann fengi inn jafnvel þrjá sóknarsinnaða leikmenn.

Eden Hazard var strax orðaður við Real Madrid þegar í ljós kom að Ronaldo væri á förum frá Madrídarborg en það er orðrómur sem hefur tekið sig reglulega upp undanfarin fimm ár. Hinn 27 ára gamli Hazard lét hafa eftir sér í viðtali að hann líkt og alla aðra dreymdi um að leika fyrir Real Madrid einn daginn.

Liðsfélagarnir Neymar og Kylian Mbappe hjá PSG hafa báðir verið orðaðir við Real Madrid undanfarið ár. Neymar hefur daðrað við Real Madrid og er líklegra að hann stökkvi á tækifærið til að snúa aftur til Spánar en Mbappe er eflaust ósnertanlegur í Parísarborg.

Það verður erfitt að krækja í markahrókana tvo sem leika á Englandi, Harry Kane og Mohamed Salah, sem eru báðir nýlega búnir að skrifa undir nýja samninga hjá félögum sínum.

Mestar líkur eru á að félagið geti sótt Robert Lewandowski, pólska framherjann frá Bayern München, en hann hefur lýst yfir að hann vilji yfirgefa félagið. Hann ætti að geta skorað nóg af mörkum á Spáni ef þjónustan er fyrir hendi en það dugar líklega ekki til, sérstaklega ef Bale heldur heim til Englands.

kristinnpall@frettabladid.is




**Mohamed Salah**
Félag: Liverpool
Ólíklegt

**Robert Lewandowski**
Félag: Bayern München
Líklegt

**Harry Kane**
Félag: Tottenham
Ólíklegt

**Eden Hazard**
Félag: Chelsea
Líklegt

**Neymar**
Félag: PSG
Líklegt

**Kylian Mbappé**
Félag: PSG
Ólíklegt

## Stjarna dagsins á HM 2018

Mario Mandzukic var réttur maður á réttum stað í upphafi seinni hluta framlengingarinnar þegar hann skoraði sigurmark Króatíu sem lagði England að velli í undanúrslitum Heimsmeistaramótsins í knattspyrnu karla í gærkvöldi. Mandzukic var vel vakandi þegar boltinn hrökk til hans og kláraði færið af stakri prýði. Þetta var annað mark hans í mótinu, en 33. landsliðsmarkið hans í 88. landsleiknum. Mandzukic sá til þess að Króatía leikur til úrslita á heimsmeistaramóti í fyrsta skipti í sögunni, en besti árangur liðsins var bronsverðlaun á mótinu sem haldið var í Frakklandi árið 1998. Andstæðingar Króatíu í úrslitaleiknum verða einmitt Frakkar.



**HM 2018 í Rússlandi, undanúrslit**

**Króatía - England 2-1**
0-1 Kieran Trippier (5.), 1-1 Ivan Perisic (68.), 2-1 Mario Mandzukic (109.).

*Króatía og Frakkland mætast í úrslitaleik HM á sunnudaginn. England og Belgía mætast í leiknum um þriðja sætið á laugardaginn.*

**Pepsi-deild kvenna**

**KR - HK/Víkingur 1-3**
1-0 Katrín Ómarsdóttir (9.), 1-1 Hildur Antonsdóttir (11.), 1-2 Margrét Sif Magnúsdóttir (56.), 1-3 Margrét Sif Magnúsdóttir (57.).

**Forkeppni Meistaradeildarinnar**

**Valur - Rosenborg 1-0**
1-0 Eiður Aron Sigurbjörnsson (84.).

## Evrópudeildin fer af stað í dag

**FÓTBOLTI** Þrjú íslensk lið verða í eldlínunni í 1. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í dag.

Klukkan 16.00 verður flautað til leiks hjá FH og finnska liðinu Lahti. Leikið er ytra. Lahti endaði í 4. sæti finnsku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili. Þetta er í þriðja sinn sem liðið tekur þátt í forkeppni Evrópudeildarinnar.

Í Eyjum mætast ÍBV og norska liðið Sarpsborg 08. Þetta er fyrsti Evrópuleikur Eyjamanna síðan 2013. Sarpsborg endaði í 3. sæti norsku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili sem er besti árangur í sögu félagsins. Leikurinn í dag er fyrsti Evrópuleikur Sarpsborg.

Þá tekur Stjarnan á móti Nõmme Kalju frá Eistlandi á Samsung-vellinum. Nõmme Kalju endaði í 3. sæti eistnesku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili. Nõmme Kalju hefur gengið allt í haginn á þessu tímabili; er taplaust á toppi eistnesku deildarinnar eftir 18 umferðir og hefur skorað 68 mörk, eða tæp fjögur mörk að meðaltali í leik. - iþs


PIER
20-70%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM
20%-70%
AFSLÁTTUR AF STOFUHÚSGÖGNUM
20%-70%
AFSLÁTTUR AF SVEFNHERBERGISHÚSGÖGNUM
30%-70%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SUMARVÖRUM
20%-70%
AFSLÁTTUR AF HÆGINDASTÓLUM & HLIÐARBORÐUM
20%-70%
AFSLÁTTUR AF BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM
PIER
Skoðið úrvalið á
www.pier.is
Gildir 12. júlí - 18. júlí. Gildir ekki með öðrum tilboðum.













# Uppgjör á fyrri umferð Pepsi-deildar karla

**Fyrri umferð Pepsi-deildar karla er lokið en öll tólf lið deildarinnar hafa leikið að minnsta kosti 11 leiki. Fréttablaðið fer hér á síðunni yfir fyrri hlutann; hverjir hafa staðið sig best og hverjir hafa valdið vonbrigðum. Af nógu er að taka.**

**FÓTBOLTI** Þegar fyrri hluti Pepsi-deildar karla er að baki lítur allt út fyrir að baráttan um Íslandsmeistaratitilinn standi á milli Stjörnunnar og Vals sem eru jöfn að stigum á toppi deildarinnar. Bæði liðin fóru frekar hægt af stað en hafa verið á góðu skriði að undanförnu. Stjarnan hefur unnið sex leiki í röð og Valur sex af síðustu sjö.

Öfugt við Stjörnuna og Val byrjaði Breiðablik tímabilið af miklum krafti og vann fyrstu þrjá leiki sína. Blikar hafa hins vegar aðeins unnið tvo af síðustu átta leikjum sínum. Liðið er með bestu vörn deildarinnar, hefur aðeins fengið á sig sex mörk og haldið sex sinnum hreinu, en gengur illa að skora. Breiðablik er með 19 stig, líkt og FH sem hefur ekki náð almennilegu flugi.

Grindvíkingar hafa tapað þremur af síðustu fjórum leikjum sínum en geta vel við sína stöðu unað. Grindavíkurvörnin er betri en í fyrra en sóknin bitlaus. Botnlið Keflavíkur er eina liðið sem hefur skorað minna en Grindavík.

Víkingar byrjuðu vel, tóku svo skarpa dýfu en eru komnir upp í 6. sætið eftir þrjá sigra í síðustu fjórum leikjum. Víkingur er með 15 stig, einu stigi meira en KR sem hefur valdið miklum vonbrigðum og aðeins unnið þrjá af 11 leikjum sínum og bara einn heimaleik.

Stigasöfnun KA hefur verið heldur rýr. Liðið er með 12 stig, líkt og ÍBV og Fjölnir. Eyjamenn unnu ekki í fyrstu fimm umferðunum en eftir að þeir þéttu vörnina og skiptu um markvörð hefur stigunum fjölgað.

Nýliðar Fylkis og Keflavíkur verma botnsætin. Keflvíkingar hafa ekki unnið leik, eru aðeins með þrjú stig og fátt getur komið í veg fyrir að þeir leiki í Inkasso-deildinni á næsta tímabili. **ingvithor@frettabladid.is**

## Úrvalslið fyrri umferðar Pepsi-deildar




### Besti ungi leikmaður



1. Ásgeir Sigurgeirsson *KA*
2. Willum Þór Willumsson *Breiðablik*
3. Alex Þór Hauksson *Stjarnan*

### Besti leikmaður



1. Hilmar Árni Halldórsson *Stjarnan*
2. Steven Lennon *FH*
3. Gísli Eyjólfsson *Breiðablik*

### Bestu kaupin



1. Jonathan Hendrickx *Breiðablik*
2. Brandur Olsen *FH*
3. Þórarinn Ingi Valdimarsson *Stjarnan*

PEPSI DEILDIN 2018

### Mestu vonbrigðin

1. Geoffrey Castillion *FH*
2. Jeppe Hansen *Keflavík*
3. Óskar Örn Hauksson *KR*



### Besti þjálfarinn

1. Óli Stefán Flóventsson *Grindavík*
2. Rúnar Páll Sigmundsson *Stjarnan*
3. Ágúst Gylfason *Breiðablik*



# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 12. JÚLÍ 2018



## Í leit að nýjum ævintýrum

Skórnir skipta Gunnar Inga Harðarson miklu máli þegar kemur að útlitinu. ➔2

Hér klæðist Gunnar Ingi buxum og frakka úr Zöru og Yeezy Boost 350 Blue Tint skóm úr Húrra Reykjavík. Hliðartaskan er frá Gucci. MYND/ANTON BRINK



**Karlmennska og staðlaðar hugmyndir eru viðfangsefni hönnuðarins Neil Patrick Grotzinger. Nýjasta herralína hans er þar engin undantekning.**

➔4














Buxurnar eru frá 66°Norður. Peysan er Nike Tech Fleece og skórnir Nike Epic React. MYNDIR/ANTON BRINK

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Tískuáhuginn hefur lengi verið til staðar hjá Gunnari Inga Harðarsyni körfuboltamanni og þá sérstaklega áhuginn á skóm, sem með árunum hafa orðið sífellt mikilvægari og stærri hluti af heildarútlitinu hjá honum. „Mér finnst ungir karlmenn vera meira meðvitaðir um það í hverju þeir eru og hvaðan fötin koma. Samfélagsmiðlar og aukinn áhugi á tísku yfir höfuð hefur aukist og hefur bara jákvæð áhrif. Síðan finnst mér hinn svokallaði „shoe game“ hérlendis hafa þróast gríðarlega vel, þú sérð varla unga karlmenn illa skóaða lengur.“

Hann lýsir fatastíl sínum sem fjölbreyttum og þægilegum. „Ég geng mikið í íþróttafötum, sérstaklega yfir körfuboltatímabilið, þar sem ég eyði mestum tíma í íþróttahúsinu. Hins vegar finnst mér fátt skemmtilegra en að klæða mig upp á með fínum skyrtum og jakkafötum.“

## Innblástur kemur víða

Gunnar Ingi er 21 árs, fæddur og uppalinn í Reykjavík og býr í Laugardalnum. „Ég kom heim úr háskólanámi frá Bandaríkjunum fyrr í vetur og starfaði eftir heimkomuna sem stuðningsfulltrúi í Grandaskóla ásamt því að spila körfubolta fyrir Val. Helstu áhugamál mín eru íþróttir, skór, tónlist og ferðalög þar sem ég er alltaf að leita að nýjum ævintýrum.“

Hann segist ekki eiga sér neinar sérstakar tískufyrirmyndir þótt hann sæki vissulega innblástur frá hinum og þessum á samfélagsmiðlunum. „Ég fylgist með nýjum straumum úr tískuheiminum og bara hvað er heitt hverju sinni. Svo hefur Davíð Einarsson í Herragarðinum verið mjög duglegur að aðstoða mig við rétt val á fötum.“

*Hvaða litir eru í uppáhaldi?*

Ég hef alltaf verið mjög hrifinn af svörtu, gráu og hvítu en mér finnst líka mjög gaman að poppa „lúkkið“ aðeins upp með einhverri rosalega bjartri flík.

*Hvar kaupir þú helst fötin þín?*

Í Herragarðinum og Húrra Reykjavík hér heima en ég reyni að kaupa íþróttaföt eingöngu í Bandaríkjunum. Síðan pantar maður af og til eitthvað af netinu og þá er það voða misjafnt hvaðan.

*Áttu minningar um gömul tískuslys?*



Hér klæðist Gunnar Ingi Libertine-buxum sem hann keypti í Húrra Reykjavík. Stenströms-skyrtuna og Sand-frakkann keypti hann í Herragarðinum.

> **Hins vegar finnst mér fátt skemmtilegra en að klæða mig upp á með fínum skyrtum og jakkafötum.**

Það koma flíkur upp í hugann sem ég myndi alls ekki kaupa núna í dag en voru á þeim tíma kannski mjög svalar.

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn þá?*

Ég á Jordan 4 skó sem verða alltaf klassískir og ég hef átt þá í langan tíma.

*Áttu þér eina uppáhaldsflík?*

Uppáhaldsflíkin mín er Drangajökull-úlpan frá 66°Norður og miðað við veðrið núna kemur hún sér einkar vel allt árið.

*Bestu og verstu fatakaupin?*

Ég hugsa að bestu kaup mín hafi verið Sand-frakki sem ég keypti í Herragarðinum. Hann er geggjaður og passar við svo margt. Flestar flíkur sem renna aldrei úr tísku eru yfirleitt bestu kaupin. Mín verstu kaup eru örugglega einhverjir jakkar sem hafa verið pantaðir á netinu og hafa verið lítið sem ekkert notaðir.

*Eyðir þú miklu í föt miðað við jafnaldra þína?*

Það held ég ekki. Tíska er orðinn svo stór hluti af samfélagi okkar í dag að ég held að margir séu duglegir að kaupa sér nýjar flottar flíkur.

*Notar þú fylgihluti?*

Voðalega lítið. Ég nota þó yfirleitt alltaf úr og sólgleraugu þegar við á. Síðan á ég eina mjög fína hliðartösku sem ég nota stundum.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# MEIRI VERÐLÆKKUN

## 40-60% afsláttur



**Dranella útivistarjakki**
~~verð 25.980~~
nú 12.998



**Dranella kjóll**
~~verð 16.980~~
nú 10.188



**Dranella blússa**
~~verð 10.980~~
nú 6.588

**Dranella buxur**
~~verð 16.980~~
nú 10.188



**Mos Mosh gallabuxur**
~~verð 22.980~~
nú 13.788

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



**Dranella kjóll**
~~verð 11.980~~
nú 7.188

**Einnig til í ljósbláu**

Evonia




Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.



Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira. Myndirnar hér til hliðar sýna hversu góðum árangri er hægt að ná með Evonia.

Fyrir Eftir

www.birkiaska.is




Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Flottir toppar



Verð 8.900 kr.
- str. 36 - 46

black pepper FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

Kíkið á myndir og verð á Facebook




Hönnuðurinn Neil Patrick Grotzinger heilsar hér upp á áhorfendur. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



Grotzinger vann m.a. hjá Marc Jacobs og Diane Von Furstenberg áður en hann setti eigið merki á laggirnar.



Perlur og útsaumur sjást sjaldan í herrafatnaði að mati Grotzinger sem vill nýta sér handverkið í hönnun.

# Brýtur niður staðlaðar hugmyndir

**Karlmennska og staðlaðar hugmyndir um hana eru viðfangsefni hönnuðarins Neil Patrick Grotzinger. Nýjasta herralína hans er þar engin undantekning.**

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Bandaríski fatahönnuðurinn og myndlistarmaðurinn Neil Patrick Grotzinger sýndi nýjustu herralínu sína á tískuvikunni í New York. Í hönnun sinni veltir Grotzinger gjarnan upp spurningum um hvað það þýðir að líta út eða haga sér eins og karlmaður. Staðlaðar hugmyndir um karlmennsku hafi litað hversdagslífið þar sem hann ólst upp, í úthverfi í miðríkjum Bandaríkjanna og í vinnu sinni brýtur hann niður þær hugmyndir. Sjálfur lýsir hann hönnun sinni sem „masculine effeminacy“ sem gæti útlagst sem „karlmannlegur kvenleiki“.

Grotzinger lauk námi í fatahönnun 2014 frá Pratt. Að námi loknu starfaði hann hjá Marc Jacobs, Prabal Gurung og Diane Von Furstenberg, aðallega við perlusaum og útsaum í kvenfatnað og textílhandverk. Hann velti fyrir sér af hverju slíkt handverk var lítið notað í hönnun herrafatnaðar og ákvað að setja á laggirnar eigið merki, NIHL.



Grotzinger lýsir gjarnan eigin hönnun sem „masculine effeminacy“.



Grotzinger leikur sér með fyrirframgefnar hugmyndir um karlmennsku.



Nánar má skoða fatnað Grotzingers á vefsíðunni nihl.squarespace.com.



VERIÐ VELKOMIN Á

# LANDSMÓTIÐ

TAKK FYRIR FRÁBÆRT SAMSTARF

AÐALSAMSTARFSAÐILI

Kaupfélag Skagfirðinga

GULL SAMSTARFSAÐILAR

Lottó
pei
olís
Arion banki

SILFUR SAMSTARFSAÐILAR

vodafone
PÓSTURINN
advania
Coca-Cola
brimborg
LYFJA

BRONS SAMSTARFSAÐILAR

KPMG
STOÐ ehf VERKFRÆÐISTOFA
Dögun
Friðrik Jónsson ehf Byggingaverktaki
K-TAK EHF Byggingaverktaki
Frumherji
Steypustöð Skagafjarðar SKAGAFIRÐI

SJÁ NÁNAR Á LANDSMOTID.IS

Skagafjörður
UMSS
UMFÍ

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Viðgerðir

VAKA
VIÐ ERUM GERÐIR FYRIR VIÐGERÐIR!
VERKSTÆÐI, ÞAR SEM HLUTIRNIR GERAST HRATT OG ÖRUGGLEGA!



Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Garðyrkja

**HELLULAGNIR**
**LÓÐAFRAMKVÆMDIR**
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**GETUM BÆTT VIÐ OKKUR MÁLNINGARVINNU.**
Vönduð vinnubrögð og mikil reynsla.
**Löggildur málarameistari**
**Jón og Marteinn Málningarþj.**
**S: 8611242**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
**ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI**
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf



**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
**907 2002**
Hjálparstarf kirkjunnar

## Fasteignir

Þingvellir



Vel staðsett 36,1fm sumarhús á 2000fm eignalóð.

Bústaðurinn skiptist í : stofu, herbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu.
Húsið þarfnast viðhalds. Lóðin er gróinn með fallegum trjám.
Veröndin er fram með austur, suður og vestur hlið hússins.
Rafmagn og vatn er tengt í bústaðinn.
Bústaðurinn er vel staðsettur í göngufæri við Þingvallavatn og er hverfið lokað af með rafmagnshliði. Allt innbú fylgir húsinu.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jónsson
Löggiltur fasteignasali í síma : 780-2700
eða á helgi@miklaborg.is

Verð: **9,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
- með þér alla leið -

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU



## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Keypt & Selt

## Til sölu




20 feta húsgámur,klæddur og einangraður,gluggalaus ein hurð,3ja fasa rafmagn. Verð 700 þús. Uppl.896-5447

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.




# Húsnæði

## Húsnæði óskast

**EINBÝLI / HÆÐ / RAÐHÚS Í 110 RVK**

**EÐA NÁGRENNI ÓSKAST**
Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.

Nánari upplýsingar sendist á:

sendtohelgi@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Óskum eftir að ráða smiði, múrara og vana menn við hellulagnir.

Uppl. sendist á eind@eind.is
EIND EHF

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

## Þjónusta



**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK**

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000 info@handafl.is | handafl.is




# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407



**Dáleiðsla**
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslufræðingur
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

EYJALIND **Startarar og Alternatorar**
- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Bátar



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir



íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

*Snyrti & nuddstofan Smart*
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**HÖFÐABÓN**
**BÓN OG ÞVOTTUR**
Hægt að panta tíma á hofdabon.is
Höfðabón ehf • Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

SHIMANO

TRI

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi

RFR.




STAGES CYCLING

Wilier TRIESTINA




LOUISGARNEAU

ParkTool

Tacx

STAGES CYCLING

#becube #triverslun

RolfPRIMA

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

SPORTVER Akureyri

Vaskur Egilsstaðir

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
12. JÚLÍ 2018 FIMMTUDAGUR



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Helga S. Þorkelsdóttir**

lést á hjartadeild Landspítalans sunnudaginn 8. júlí.

**Andrés Þórðarson**
**Þorkell Andrésson** **Nanna Þóra Andrésdóttir**
**Laufey Ámundadóttir** **Fanney Hrafnsdóttir**
**Andrés Þorkelsson** **Guðberg Hrafnsson**
**Guðrún Lilja Þorkelsdóttir**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**Haukur Bergsteinsson**

Bræðratungu 4, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju mánudaginn 16. júlí kl. 13.00.

**Ragna Guðvarðardóttir**
**Agnes Hauksdóttir** **Þórir Borg**
**María Sigmundsdóttir** **Magnús Sigurðsson**
**Sara, Haukur,**
**Sólveig, Árni, Kjartan**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Björgvin Árni Ólafsson**

Dalsbakka 6, Hvolsvelli,

lést á Dvalarheimilinu Lundi 7. júlí. Útförin fer fram frá Stórólfshvolskirkju þriðjudaginn 17. júlí klukkan 11.

Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Starfsmannafélag Lundar (Reikningsnúmer: 0308-13-110374 Kennitala: 490712-0460). Við þökkum starfsfólki Lundar einstaka umönnun.

**Dætur hins látna, tengdasonur, barnabarn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðbjörn Hallgrímsson**

lést á Landspítalanum 6. júlí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 17. júlí klukkan 15.00.

**Guðmundur Guðbjörnsson** **Margrét Benediktsdóttir**
**Sigurlína Herdís Guðbjörnsd.** **Hjörtur Sigurðsson**
**Guðrún Fjóla Guðbjörnsdóttir**
**Hallur Örn Kristínarson** **Sara Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar og bróðir,

**Filippus Hróðmar Birgisson**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 5. júlí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 13. júlí kl. 15.00.

**Aðalbjörn Sigurður Filippusson**
**Guðbrandur Máni Filippusson**
**Alma Birgisdóttir**
**Runólfur Birgisson**
**Þorsteinn Birgisson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.




**Margrét Ýr og dæturnar Katla María og Salka Ýr Ómarsdætur eiga allar heiðurinn af Veröld Míu.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Vildi vera betri fyrirmynd

**Margrét Ýr Ingimarsdóttir grunnskólakennari var að senda frá sér sína fyrstu bók og myndskreytir hana sjálf. Það er barnabókin Veröld Míu og hún hefur boðskap að bera.**

Það hefur alltaf verið draumur hjá mér að skrifa bók – bækur vonandi,“ segir Margrét Ýr Ingimarsdóttir sem var að gefa út bókina Veröld Míu. „Ætli það hafi ekki ýtt við mér að ég er grunnskólakennari og legg mikið upp úr því að hvetja nemendur mína til að reyna að láta drauma sína rætast og finna í hverju þeirra styrkleiki felst. Svo var einn nemandi sem spurði mig: „Hverjir voru þínir draumar, Margrét?“ „Ja, ég hef nú alltaf viljað skrifa bók,“ svaraði ég. „Já, og ertu búin að því?“ Ég gat ekki svarað játandi svo þetta varð pínu vandræðalegt. Eftir það vildi ég vera betri fyrirmynd og skrifaði eitt stykki bók,“ lýsir hún og segir bæði dætur sínar og nemendur hafa veitt henni innblástur.

Margrét segir boðskap bókarinnar þann að hver og einn búi yfir styrk á einhverjum sviðum. „Mér finnst börn í dag svolítið skorta sjálfstraust og bera sig of mikið saman við aðra í stað þess að átta sig á sínum eiginleikum. Ég legg mikið upp úr hrósi í kennslunni, samt með jákvæðri gagnrýni þannig að börnin hafi svigrúm til að bæta sig,“ segir Margrét sem kennir 1. til 4. bekk við Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði. Svo á hún sjálf tvær dætur, sex og tíu ára, og kveðst hafa lesið fyrir þær jafnóðum og hún skrifaði. „Stelpurnar komu með hugmyndir að dýrum sem Mía hittir í skóginum,“ segir hún og útskýrir að dýrin hjálpi Míu að átta sig á hver hún er. Líka því að útlit hennar skiptir ekki máli, heldur hún sjálf sem persóna.“

Bókin er ríkulega myndskreytt. Margrét teiknaði myndirnar sjálf og föndraði bakgrunn sem síðan var skannaður inn og tölvugerður. „Það var skemmtilegt ferðalag að skrifa þessa bók og koma henni á koppinn. Mía er líka búin að fá góðar viðtökur og hrós. Maður verður bara meyr.“

**gun@frettabladid.is**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigmundur Guðmundsson**

flugumferðarstjóri,

lést sunnudaginn 8. júlí að hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 17. júlí klukkan 13.

**Bergþóra Sigmundsdóttir** **Gunnar V. Johnsen**
**Egill Þ. Sigmundsson** **Petra L. Einarsdóttir**
**Björg Sigmundsdóttir** **Már Guðmundsson**
**og fjölskyldur.**



✝

Elsku mamma mín, tengdamamma og amma,

**Elín Halldóra Ísleifsdóttir**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi laugardaginn 7. júlí. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 16. júlí klukkan 13.

**Gunnhildur H. Georgsdóttir**
**Kristján Óli Sverrisson**
**Elín Björk Hallsteinsdóttir**
**Dagur Sverrir Kristjánsson**
**María Kristjánsdóttir**



✝

Elsku eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir mín og tengdadóttir,

**Soffía Magnúsdóttir**

íslenskukennari,
Heiðargerði 28, Reykjavík,

sem lést 30. júní, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 16. júlí kl. 13.00.

**Kristinn Guðjónsson**
**Ragnheiður Kristinsdóttir** **Þórir Jónsson Hraundal**
**Kristinn Kristinsson** **Kolbrún Vala Jónsdóttir**
**Alexander, Óðinn, Lilja, Helena Soffía**
**Magnús Kristinsson** **Greta Bachmann**
**Bryndís Guðmundsdóttir**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Guðjón Gunnarsson**

frá Tjörn í Biskupstungum,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði 24. júní sl. Útförin fer fram í Skálholtskirkju mánudaginn 16. júlí, kl. 14.00.

**Guðjón Rúnar Guðjónsson**
**Gunnar Guðjónsson**
**Sólrún Guðjónsdóttir**
**Erlingur Þór Guðjónsson**
**Snorri Geir Guðjónsson**
**og fjölskyldur.**


GLAMOUR
Komið í allar helstu verslanir
GLAMOUR
Ísland
júlí/ágúst '18
Falin perla í Reykjavík
Innlit á heimili sem er sveit í borg.
„Þegar upp er staðið stendur þú einn"
Mæðgurnar Hanna María, Katla og Saga Sig um mæðgnasambandið, kvennabaráttu og femínisma.
Látum okkur DREYMA
um sumar og sól
9 772298 718004
Íslenskt tískutímarit

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Suðvestlæg átt, 3-10 í dag og yfirleitt þurrt en bjart veður fyrir norðan og austan. Hiti 8 til 20 stig, hlýjast austanlands.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° ↖7 | 8° ↖5 | 13° ↑1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 17° ↗1 | 9° ←4 | 7° ↑9 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° ↖2 | 7° ↙3 | 9° ↓3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 15° ↗4 | 12° ↗6 | 7° ↑4 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 4 | 1 | | | 8 | 6 |
| 5 | | | 3 | 7 | 8 | | 9 | |
| 4 | | | | 9 | | 7 | | |
| | 4 | | | | | | | 8 |
| | | 7 | 8 | | | 9 | | |
| | | 5 | | | | | 3 | |
| | 8 | 3 | 7 | | | | 1 | 2 |
| 1 | | 6 | 2 | 3 | 4 | | 7 | |
| 2 | | | 1 | | | | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | | 5 | 8 | 1 |
| 6 | | | 7 | | | | | |
| 8 | 4 | | 9 | | 2 | 3 | | |
| 4 | | | | | 6 | | 7 | 9 |
| | | | 2 | | | 4 | | 3 |
| 9 | 1 | | | 4 | | 2 | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | 4 | 6 | | | 9 | |
| 2 | 6 | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 9 | 6 | | | | 5 |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| 3 | | 4 | | | | | 8 | |
| 1 | 4 | | | | | | 5 | |
| | | | | | | | 9 | |
| | 8 | | 1 | | 4 | | | |
| | 2 | | | | | 9 | | 8 |
| | | | 7 | | | | 1 | 3 |
| | 3 | 1 | | 5 | | 2 | 7 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. kyrrast
5. ílát
6. skóli
8. gróp
10. vafi
11. gyðja
12. friður
13. knattleik-sknött
15. ávöxtur
17. fjúk.

**LÓÐRÉTT**
1. skottast
2. rytja
3. amboð
4. hlé
7. spauga
9. vaskleiki
12. hró
14. fugl
16. frá.



**LÁRÉTT:** 1. slota, 5. ker, 6. fg, 8. riffla, 10. ef, 11. rán, 12. sætt, 13. pökk, 15. ananas, 17. drift.
**LÓÐRÉTT:** 1. skreppa, 2. leif, 3. orf, 4. aflát, 7. gantast, 9. frækni, 12. skar, 14. önd, 16. af.

## Skák Gunnar Björnsson

Bednarski átti leik gegn Noiussere á Ólympíuskákmótinu árið 1970.

**Hvítur á leik**



**1. Dh6! Bxh6 2. Re7# 1-0.**
Opna mótinu í Serbíu þar sem Stefán Bergsson og Páll Þórsson tefla í lýkur í dag.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 4 | 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 5 | 9 | 6 | 4 | 8 | 1 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 7 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 8 | 2 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 4 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 | 1 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 7 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 9 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 9 | 3 | 8 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 2 | 7 |
| 5 | 7 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 5 | 2 | 4 | 9 | 6 | 8 | 1 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# ÚTSALA
# 30-70%
# AFSLÁTTUR*

ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF



ÚTILÍF
síðan 1974

KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

ARNASYNIR

# Hugleiðingar um sumarið sem aldrei kom

**Fimmtíu gráir skuggar er önnur tveggja nýrra rigningarhugleiðinga fyrir altflautur eftir Steingrím Þórhallsson organista sem hann og Pamela De Sensi flautuleikari spila á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju í dag.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Steingrímur og Pamela hafa ekki komið fram saman síðan 2016 og þá í Hallgrímskirkju. Þau endurtaka leikinn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hjónin Pamela De Sensi og Steingrímur Þórhallsson troða upp saman á hálftíma löngum tónleikum í Hallgrímskirkju í dag sem hefjast klukkan tólf. Þar leika þau nýleg verk eftir Steingrím, fyrir flautur og orgel. „Við Pamela spilum ekkert oft saman,“ upplýsir hann. „Síðast var það, held ég, í Hallgrímskirkju 2016. Þá frumfluttum við einmitt eitt af verkunum sem við erum með á dagskránni núna.“

Skyldi Steingrímur hafa samið öll lögin með Pamelu í huga og hennar flautur? Hann hlær. „Já, það eru hæg heimatökin hjá henni að þrýsta mér út í það. Reyndar hefur talsverður hluti minna tónsmíða verið gerður fyrir einhver af hennar verkefnum. Hún á svo margar flautur,“ segir hann og nefnir kontrabassaflautu, altflautu, bassaflautu og venjulega þverflautu.

„Þegar við Pamela spiluðum saman 2016 samdi ég verk fyrir orgelið og allar flauturnar hennar. Það byrjar rosa djúpt og endar efst uppi.“

Orgel og flauta geta verið skemmtileg saman að sögn Steingríms. „Ég þarf auðvitað að passa sig að kæfa ekki lægri flauturnar, sérstaklega þegar ég sit við hljóðfæri með jafn mikinn styrk og það sem er í Hallgrímskirkju.“

**SKO, ÞESSI ORGELSTYKKI MÍN TVÖ ERU DÁLÍTIÐ – ÉG SEGI EKKI HASARVERK, HELDUR SKEMMTILEG VERK UM SÁLMA LÚTHERS.**

Altflautan er dýrindis hljóðfæri og fellur sérstaklega vel að orgelinu, að sögn Steingríms. „Hún er ekkert mikið lægri en venjuleg þverflauta en hún er með aðeins þykkri tón. Við frumflytjum núna tvær glænýjar rigningarhugleiðingar um sumarið sem aldrei kom. Önnur heitir Fimmtíu gráir skuggar og hin Sólin bak við skýin. Þær eru fyrir altflautur.

Auk þess eru tvö orgelstykki sem ég samdi í apríl á síðasta ári, svo þetta eru svolítið egóískir tónleikar.“ Hann segir alltaf rosa gaman að spila á stóra orgelið í Hallgrímskirkju. „Ég samdi þessa músík með það hljóðfæri í hausnum. Sko, þessi orgelstykki mín tvö eru dálítið – ég segi ekki hasarverk, heldur skemmtileg verk um sálma Lúthers og það eru svo mörg á borð á orgelinu í Hallgrímskirkju sem maður getur leikið sér á. Það er erfiðara á minni hljóðfærum, sérstaklega ef endurróm vantar – en hann er fyrir hendi þarna.“

Steingrímur er, sem kunnugt er, organisti og kórstjóri í Neskirkju í Reykjavík.

Auk þess var hann að næla sér í mastersgráðu í tónsmíðum í vor frá Listaháskóla Íslands. „Nú er ég búinn að fá nóg af námi í bili,“ segir hann.

„En ég hef samið dálítið af kórverkum og nýti mér það að vera með tvo kóra, Neskirkjukórinn og svo Drengjakór Reykjavíkur sem ég hef verið með í þrjú ár en er líklega að sleppa af honum hendinni. Er að reyna að einbeita mér að tónsmíðunum með organistastarfinu.“

gun@frettabladid.is




## Kynna fjölþjóðlega listheima á mettíma

Gestalistamenn SÍM (Sambands íslenskra myndlistarmanna) standa fyrir listamannaspjalli í SÍM-húsinu við Hafnarstræti 16 klukkan 16 í dag. Þeir eru fjórtán talsins og koma frá öllum heimshornum, allt frá Norður-Kóreu til Kanada, að sögn Katrínar Helenu Jónsdóttur, verkefnastjóra SÍM.

„Spjallið verður með hraðstefnumóta-ívafi þar sem hver listamaður kynnir verk sín á fimm mínútum. Síðan situr hann fyrir svörum í aðrar fimm mínútur. Þannig gengur þetta koll af kolli og því fá gestir tækifæri til að kynnast fjölþjóðlegum listheimum á mettíma,“ segir hún og tekur fram að allir séu velkomnir.

„Allt þetta fólk hefur dvalið hér síðustu vikur og verður áfram út mánuðinn og sumt lengur. Að minnsta kosti þrír úr hópnum voru hér í fyrra líka og Gabriel Goldberg hefur verið viðloðandi Ísland síðustu ár, hann er tónlistarmaður líka. Svo



Húsnæði SÍM við Hafnarstræti þar sem listamannaspjallið fer fram.

**SPJALLIÐ VERÐUR MEÐ HRAÐSTEFNUMÓTA-ÍVAFI ÞAR SEM HVER LISTAMAÐUR KYNNIR VERK SÍN Á FIMM MÍNÚTUM**

hefur George Scott MacLeod verið að vinna með víkingana og söguhefðina í samvinnu við HÍ. Hann er núna að taka upp myndbandsverk með henni Ásdísi Sif Gunnarsdóttur myndlistarkonu,“ upplýsir Helena.

Spjallið fer fram á ensku. Kaffi og aðrar veitingar verða á boðstólum.

– gun

# Stórblöð mæla með Ragnari

Á dögunum mælti stórblaðið New York Times með nokkrum bókum við lesendur sína sem gætu kælt þá niður, en nokkuð heitt er í Bandaríkjunum um þessar mundir. Ein þessara bóka er Snjóblinda eftir Ragnar Jónasson en sagan gerist á Siglufirði. Hverri bók sem New York Times mælir með fylgir stutt tilvitnun og hjá Ragnari er vitnað í upphaf sögunnar: „Jörðin var snævi þakin, snjórinn svo hvítur að hann hafði nánast unnið sigur á myrkrinu þetta vetrarkvöld. Himneskur í hreinleika sínum. Það hafði snjóað frá því um morguninn, snjókornin voru stór og voldug, féllu tignarlega til jarðar.“ Meðal annarra bóka sem New York Times mælir með á þessum árstíma eru Lesið í snjóinn eftir Peter Höeg, Duld (The Shining) eftir Stephen King, Ethan Frome eftir Edith Wharton og Úlfhundurinn eftir Jack London.

Þetta eru ekki einu meðmælin sem Ragnar fær frá stórblöðum því Sunday Times birti á dögunum lista yfir þær bækur sem mælt er með að fólk taki með sér í sumarfríið og þar er að finna Dimmu sem er sögð vera frábær spennusaga, en þar rannsakar lögreglufulltrúinn Hilda síðasta sakamál sitt. Í Sunday Times er Ragnar í félagsskap með James Patterson og fyrrverandi Bandaríkjaríkjaforseta Bill Clinton sem eru höfundar metsölubókarinnar The President is Missing sem hefur fengið góða dóma. Meðal annarra höfunda á listanum er meistari John le Carré með bók sína A Legacy of Spies.

Af Ragnari sjálfum er það að frétta að hann er að leggja lokahönd á draugalega glæpasögu sem kemur út í haust. **– kb**



**Ragnar Jónasson fær hrós hjá stórblöðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ábyrgð og ofsi

**BÆKUR**

**Fyrir fallið**

★★★☆☆

**Höfundur:** Noah Hawley
**Þýðandi:** Ísak Harðarson
**Blaðsíður:** 464 bls.
**Útgefandi:** JPV 2018




Einkaþota er á leið frá Martha's Vineyard til New York. Um borð eru ellefu manns, þar á meðal fjölmiðlamógúll, eiginkona hans og tvö ung börn þeirra. Þar er einnig listmálarinn Scott. Þegar þotan steypist skyndilega í hafið kemst Scott lífs af og bjargar á hetjulegan hátt hinum fjögurra ára gamla syni fjölmiðlakóngsins. Þeir einir lifa harmleikinn af. Var hrapið slys eða kannski hryðjuverk? Fjölmiðlar fara hamförum og Scott liggur jafnvel undir grun.

Þetta er í stuttu máli atburðarásin í Fyrir fallið, spennusögu Noah Hawley. Þarna tekst margt vel. Persónusköpun er yfirleitt góð en í endurliti kynnist lesandinn persónunum sem voru í borð í þotunni. Vitneskjan um að persónurnar hafi látist á svo hörmulegan hátt skapar sérstaka tengingu lesandans við þær. Má þar sérstaklega nefna hina geðfelldu Maggie, eiginkonu fjölmiðlamógúlsins. Sambandi Scott við hinn unga dreng sem hann bjargaði er síðan lýst af allnokkurri næmni. Einnig er góð lýsing á frænku drengsins sem fær umsjón með honum og þarf að kljást við peningagráðugan eiginmann sem sér dollaramerki í hvert sinn sem hann horfir á hinn fjögurra ára dreng sem er erfingi auðæfa.

Höfundinum bregst hins vegar bogalistin þegar hann kallar fram á svið dóttur milljarðamærings sem Scott leggur lag sitt við, en sú er algjörlega óþörf persóna. Fjölmiðlamaðurinn sem ætlar sér að fella Scott fær allnokkurt rými í bókinni en er of ýkjukenndur til að virka sannfærandi.

Hawley leggur metnað í þetta verk sitt, sem er reyndar óhóflegan langt. Bókin, sem er um margt góð, hefði orðið svo miklu betri hefði hún hefði verið um 100 blaðsíðum styttri. Höfundurinn blandar inn í söguna heimspekilegum hugleiðingum um heiminn, peninga og merkingu atburða. Þær hugleiðingar eru ekki nægilega skarpar til að gefa verki hans þá dýpt sem hann hefur eflaust sóst eftir. Næst kemst verkið í að ná dýpt þegar það skýrist hvað olli því að þotan steyptist í hafið. Það er þá sem lesandinn hugleiðir hversu mikilvægt það er að hver einstaklingur geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem hann ber gagnvart öðrum.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Um margt áhugaverð spennusaga en tapar flugi vegna óhóflegrar lengdar.



# Blanda ýmsu saman eins og í bakstri

**Fiðludúettinn Bachelsi sem nálgast tónverk Bachs á nýjan hátt verður með ókeypis tónleika í Gerðarsafni í Kópavogi í dag klukkan 18 ásamt fleira tónlistarfólki. Á eftir verður boðið upp á bakkelsi á neðri hæðinni.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þær Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir og Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir mynda fiðludúettinn Bachelsi sem heldur tónleika innan um listaverk Gerðar Helgadóttur í Gerðarsafni síðdegis í dag. Það er sumarstarfið þeirra í ár að spila Bach. „Við erum dálítið að útsetja líka,“ tekur Ingibjörg fram. „Þess vegna fannst okkur Bachelsi gott nafn á okkur, því þar er maður dálítið í að blanda ýmsu saman, eins og í bakstri.“

Sólrún fylgir því eftir. „Við höfum til dæmis verið að útsetja verk sem Bach samdi fyrir ákveðin hljóðfæri, til dæmis orgeltríó sem við spilum á tvær fiðlur og gítar, með Brynjari vini okkar, og Parthydu sem er samin fyrir píanó en við útsetjum fyrir tvær fiðlur. Aðeins að krukka í verk meistarans. Þannig kynnumst við honum bara betur,“ segir hún.

Þær fá fleira tónlistarfólk sem er með þeim í skapandi sumarstörfum í Kópavogi til liðs við sig í dag. Það eru Rögnvaldur Konráð Helgason á óbó, Brynjar Friðrik Pétursson sem leikur á klassískan gítar og Katrín Helga Ólafsdóttir á rafbassa.

„Það verður dálítið nýtt fyrir fólk að hlýða á Bach á tvær fiðlur og rafbassa,“ bendir Sólrún á.



Sólrún Ylfa og Ingibjörg Ásta leika sér með Bach-tónlistina í skapandi sumarstarfi á vegum Kópavogs. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

